


Kjaratölfræði

Haustskýrsla 2025



Haustskýrsla 2025

Kjaratölfræðinefnd

Nefndina skipa:

Hrafnhildur Arnkelsdóttir	formaður
Bjarki Vigfússon	forsætisráðuneyti
Einar Mar Þórðarson	fjármála- og efnahagsráðuneyti
Helgi Aðalsteinsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Oddur S. Jakobsson	Kennarasamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	BSRB
Sigrún Brynjarsdóttir	Bandalag háskólamanna
Vignir Örn Hafþórsson	félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Þórir Gunnarsson	Alþýðusamband Íslands
	Hagstofa Íslands
Arnaldur Sölvi Kristjánsson	Sérfræðingar
og Ásgeir Daníelsson	

CiRKUS Hönnun og uppsetning

www.ktn.is

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Efnahagsmál	7
1.1. Samantekt	7
1.2. Hagþróun	8
1.3. Verðlag	11
1.4. Vextir	14
1.5. Fjármál hins opinbera	15
1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni	17
1.7. Fjárhagsstaða heimila	20
2. Vinnumarkaður	23
2.1. Samantekt	23
2.2. Þróun vinnumarkaðar	23
2.3. Langtímaatvinnuleysi og fjöldauppsagnir	26
3. Laun og launaþróun	30
3.1. Samantekt	30
3.2. Launaþróun	30
3.3. Kaupmáttur launa	34
3.4. Vægi markaða og heildarsamtaka	34
3.5. Launastig	36
3.6. Launadreifing	37
4. Kjarasamningar	39
4.1. Samantekt	39
4.2. Helstu kjarasamningar í kjaralotunni	41
4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá	48
5. Laun eftir heildarsamtökum	49
5.1. Inngangur	49
5.2. ASÍ	49
5.3. BHM	53
5.4. BSRB	55
5.5. KÍ	57
Viðaukar	59

Samantekt

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

Laun, launaþróun og kjarasamningar:

- Í yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024 hafa verið undirritaðir kjarasamningar fyrir allflest launafólk, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Í heildina má áætla að gerðir hafi verið nærri 260 kjarasamningar á vettvangi þeirra aðila sem aðild eiga að kjaratölfræðinefnd í núverandi samningalotu, sem hófst í febrúar 2024, og var félagsfólk á kjörskrá stéttarféлага í þessum samningum um 190.000. Áætla má að ólokið sé rúmlega 20 kjarasamningum á vinnumarkaði í þessari samningalotu fyrir um 3.000 manns, sem er um 1-2% launafólks.
- Sundurliðuð gögn KTN um launaþróun eftir mörkuðum liggja fyrir frá upphafi núverandi lotu fram til júní 2025 og er nokkur munur á hækkunum grunntímakaups milli markaða.
- Grunntímakaup á almennum markaði hækkaði um 11,9% á tímabilinu frá febrúar 2024 til júní 2025, hjá ríki um 12,2%, hjá Reykjavíkurborg um 12,9% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 14,3%. Í þeim kjara
- samningum sem gerðir hafa verið í samningalotunni var almennt farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana og eru samningsbundnar launahækkanir því hlutfallslega mestar á lægri laun en samningar KÍ við ríki og sveitarfélög voru þó frábrugðnir öðrum samningum vegna áherslu á virðismat.
- Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á tímabilinu jókst kaupmáttur grunntímakaups í júní 2025 um 5,1% frá upphafisamningalotunnar. Á almennum vinnumarkaði var kaupmáttaraukningin á þessu tímabili, þ.e. frá janúar 2024 til júní 2025, 4,9%, hjá ríki um 5,2%, hjá Reykjavíkurborg jókst kaupmáttur um 5,9% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 7,2%.
- Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 889 þúsund krónur í maí 2025 og miðgildi var 807 þúsund krónur.
- Meðaltal grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna voru hæst á almennum markaði í maí 2025, þar á eftir hjá ríkinu og lægst hjá sveitarfélögum. Þegar miðgildi er skoðað eru grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun hins vegar hæst hjá ríkinu. Meiri munur á meðaltali og miðgildi á almennum vinnumarkaði og opinberum markaði endurspeglar mun meiri dreifingu launa á almenna markaðnum en hjá hinu opinbera, bæði hjá ríkinu og hjá sveitarfélögum án Reykjavíkurborgar og hjá Reykjavíkurborg.

Efnahags- og vinnumarkaðsmál

- Árið 2024 hægði á efnahagsumsvifum hér á landi. Landsframleiðsla dróst saman um 1,0% í kjölfar mikils vaxtar árin á undan þegar hagkerfið var að jafna sig eftir áhrif heimsfaraldursins. Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir 1,7% hagvexti í ár en Seðlabanki Íslands spáir 0,9% hagvexti.
- Verðbólga hefur verið nokkuð óbreytt frá febrúar og mældist hún 4,3% í október. Húsnæðisliður vísitölunnar, sem tekur nú tillit til reiknaðrar leigu auk greiddrar leigu, hefur hækkað umfram verðbólgu að undanfögnu, en minna en áður. Gengi krónunnar hefur styrkst á síðustu misserum en verulegur hluti þeirrar styrkingar þó gengið til baka síðustu vikur.
- Seðlabanki Íslands spáir því að verðbólga hjaðni hægt í átt að markmiði bankans, 2,5% verðbólgu, sem náist á árinu 2027. Hagstofan spáir svipaðri þróun en í nýlegum spám stóru viðskiptabankanna er því spáð að verðbólgan á árinu 2027 verði 3,6-3,7%, sem er nálægt mældum verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja.
- Stýrivextir Seðlabankans voru 9,25% í byrjun október árið 2024, en hafa verið lækkaðir nokkrum sinnum, nú síðast 19. nóvember sl. þegar þeir voru lækkaðir um 0,25 prósentustig í 7,25%. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur lagt áherslu á að helsta ástæða lækkunarinnar væru þær sérstöku aðstæður sem sköpuðust á íbúðalánamarkaði í kjölfar dóms Hæstaréttar.
- Áætlað er að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 0,8% af landsframleiðslu á þessu ári og neikvæð um 0,5% af landsframleiðslu á næsta ári.
- Framleiðni vinnuafls á Íslandi minnkaði um 2,3% á árinu 2024. Þrátt fyrir þetta mælist árlegur vöxtur framleiðni hér 0,7% á árunum 2019-2024. Þegar horft er til Norðurlandanna var árlegur vöxtur framleiðni á þessum árum mestur á Íslandi og í Noregi.
- Launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpun hagkerfisins, var 61,4% á árinu 2024, 2,5 prósentustigum hærra en meðaltal síðustu 30 ára. Raungengi krónunnar hefur einnig verið hátt og nálægt því sem það hefur orðið hæst.
- Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði eftir því sem hægt hefur á efnahagsumsvifum. Starfandi fólki fjölgar nú hægar en áður, dregið hefur lítillega úr fjölda starfandi í ferðaþjónustu og færri fólki með erlendan bakgrunn kemur til landsins. Atvinnuleysi er áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil. Lausum störfum hefur fækkað lítilsháttar á þessu ári og færri stjórnendur telja vera skort á starfsfólki. Núna hyggst sami fjöldi stjórnenda fjölga starfsmönnum og fækka, tæp 20%.
- Innflytjendum á vinnumarkaði hefur fjölgað hratt undanfarinn áratug. Almennt flyst fólkið búferlum til landsins vegna atvinnu og þeir sem hingað koma eru langflestir á vinnualdri.
- Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flytur til landsins sveiflast töluvert eftir efnahags- og atvinnuástandinu hverju sinni og hefur þeim nú fækkað í takt við minni vöxt í efnahagslífinu.
- Hér á landi er langtímaatvinnuleysi lítið og oftast minnst í Evrópu. Í kjölfar stórra efnahagsáfalla eins og gjaldþrota bankanna árið 2008 og heimsfaraldursins 2020-2021 hefur langtímaatvinnuleysi hækkað mikið en það hefur fljótlega lækkað aftur niður í mjög lágt hlutfall.
- Atvinnuleysi á Íslandi hefur verið lágt í samanburði við önnur Evrópulönd og líkurnar á að atvinnulausir eða þeir sem eru utan vinnumarkaðar fái starf eru miklar. Þessi hlutföll eru há í alþjóðlegum samanburði og endurspeglar mikinn hreyfanleika inn á vinnumarkaðinn.

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingar nefndarinnar eru hagfræðingarnir Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Ásgeir Daníelsson. Kjaratölfræðinefnd vinnur með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar.

Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Haustskýrsla 2025 markar tímamót þar sem fimm ár eru liðin frá fyrstu útgáfu kjaratölfræðinefndar haustið 2020. Þessi ellefta skýrsla nefndarinnar hefur sömu markmið og fyrri skýrslur að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Í haustskýrslu nefndarinnar árið 2025 er að venju fjallað um yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024. Alls eru kaflar skýrslunnar fimm; efnahagsmál, vinnumarkaður, laun og launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks, kjarasamningar yfirstandandi samningalotu og talnaefni um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Auk þess eru þrír viðaukar sem gera grein fyrir gögnum, grunnhugtökum og skipulagi íslensks vinnumarkaðar.

Samhliða útgáfu skýrslunnar verður ítarlegu talnaefni um laun og launaþróun miðlað á vef nefndarinnar ktn.is en þar má einnig finna skýrslur nefndarinnar og kynningar.

1. Efnahagsmál

1.1. Samantekt

Árið 2024 hægði á efnahagsumsvifum hér á landi. Landsframleiðsla dróst saman um 1,0% í kjölfar mikils vaxtar árin á undan þegar hagkerfið var að jafna sig eftir áhrif heimsfaraldursins. Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir 1,7% hagvexti í ár en Seðlabanki Íslands spáir 0,9% hagvexti.

Verðbólga hefur lítið breyst frá febrúar og mældist hún 4,3% í október. Húsnæðisliður vísitölunnar, sem tekur nú tillit til reiknaðrar leigu auk greiddrar leigu, hefur hækkað umfram verðbólgu að undanfögnu, en minna en áður. Gengi krónunnar hefur styrkst og var 4,5% hærra í september en það var við lok síðasta árs.

Seðlabanki Íslands spáir því að verðbólga hjaðni hægt í átt að markmiði bankans, 2,5% verðbólgu, sem náist á árinu 2027. Hagstofan spáir svipaðri þróun en í nýlegum spám stóru viðskiptabankanna er því spáð að verðbólgan á árinu 2027 verði 3,6–3,7%, sem er nálægt mældum verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja.

Stýrivextir Seðlabankans voru 9,25% í byrjun október árið 2024, en hafa verið lækkaðir nokkrum sinnum, nú síðast 19. nóvember sl. þegar þeir voru lækkaðir um 0,25 prósentustig í 7,25%. Peningastefnunefnd Seðlabankans lagði áherslu á að helsta ástæða lækkunar væru þær sérstöku aðstæður sem sköpuðust á íbúðalánamarkaði í kjölfar dóms Hæstaréttar.

Áætlað er að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 0,8% af landsframleiðslu á þessu ári og neikvæð um 0,5% af landsframleiðslu á næsta ári.

Framleiðni vinnuafls á Íslandi minnkaði um 2,3% á árinu 2024. Þrátt fyrir þetta mælist árlegur vöxtur framleiðni hér 0,7% á árunum 2019–2024. Þegar horft er til Norðurlandanna var árlegur vöxtur framleiðni á þessum árum mestur á Íslandi og í Noregi.

Launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpun hagkerfisins, var 60,3% á árinu 2024, 2,7 prósentustigum hærra en meðaltal síðustu 30 ára. Raungengi krónunnar hefur einnig verið hátt og nálægt því sem það hefur orðið hæst.


Háir vextir og verðhækkanir hafa þrengt að mörgum heimilum undanfarin misseri en fjárhagsstaða heimilanna er heilt yfir sterk. Eignastaða er að meðaltali góð og skuldir viðráðanlegar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um rúmlega 2% á árunum 2023 og 2024 og um 1,3% á fyrri helmingi ársins 2025. Aukin greiðslubyrði vegna hárna nafnvaxta jók sókn heimila í verðtryggð lán. Á þessu ári hefur eftirspurn eftir óverðtryggðum lánum aukist en þau eru þó enn í minnihluta þrátt fyrir hert útlánaskilyrði verðtryggðra lána sem bankarnir innleiddu haustið 2024. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs hafa lífeyrissjóðir veitt mun meira af nýjum útlánnum til heimila en bankarnir.

1.2. Hagþróun

Árið 2024 hæðði á efnahagsumsvifum hér á landi og reiknar Hagstofan nú með að samdráttur hafi numið 1,0% sem er lítið eitt meiri samdráttur en gert var ráð fyrir í þeirri spá sem lá fyrir þegar síðasta skýrsla KTN kom út. Nokkur fólksfjölgun varð á árinu og dróst landsframleiðsla á mann saman um 2,8% árið 2024. Þetta er viðsnúningur miðað við árin 2021–2023 þegar hagvöxtur var rúmlega 5%. Verulegur hluti af þeim mikla hagvexti skýrist af því að hagkerfið var að rétta úr kútnum eftir samdrátt vegna heimsfaraldursins. Hagvöxtur á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2025 miðað við fyrstu tvo ársfjórðunga síðasta árs nam 0,3%. Þar munar mest um fjárfestingu, sem óx um 13,0%, þar af atvinnuvegafjárfesting um 16,3% og íbúðafjárfesting um 5,1%. Á sama tímabili jókst einkaneysla um 3,0%, útflutningur um 2,0% og innflutningur um 13,5%.

Nýjustu þjóðhagsspár gera ráð fyrir tiltölulega litlum hagvexti í ár. Í nýrri spá Hagstofu Íslands er spáð 1,7% hagvexti í ár en Seðlabanki Íslands spáir 0,9% vexti. Báðar stofnanirnar spá því að hagkerfið leiti jafnvægis á næstu árum þar sem árlegur hagvöxtur verði nálægt 2,5%. Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði, sem birtist meðal annars í því að starfandi fólki fjölgar nú minna en á síðustu árum, dregið hefur úr spurn fyrirtækja eftir starfsfólki og atvinnuleysi hefur aðeins aukist lítillega. Aðflutningur erlendra ríkisborgara náði hámarki árið 2022, þegar 9.186 fluttu hingað til lands umfram brottflutta, en hefur dregist mikið saman síðan og var kominn niður í 4.183 árið 2024. Líkt og fjallað er nánar um í vinnumarkaðskaflanum í vorskýrslu KTN 2025, stjórnast búferlaflutningar að miklu leyti af stöðu efnahagsmála með dempandi áhrifum á spennu og slaka á íslenskum vinnumarkaði.

Mynd 1.1. Verg landsframleiðsla og verg landsframleiðsla á mann (vísitala 2019 = 100) (til vinstri) og hagvöxtur ásamt spá Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands fyrir árin 2025–2027 (til hægri)




Skýringar: Meðaltal hagspáa Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Þrátt fyrir að tekið sé að hægja á efnahagsumsvifum eru vísbendingar um að enn sé nokkur kraftur í innlendri eftirspurn. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar frá nóvember er gert ráð fyrir að einkaneysla vaxi um 3,2% í ár og fjárfesting um 5,6%. Á undanförunum mánuðum hafa nokkur áföll orðið, flugfélag varð gjaldþrota, vinna í kísilveri var stöðvuð og alvarlegar bilanir komu upp í álveri. Þar að auki gætir töluverðrar óvissu um áhrif nýsamþykktra tolla ESB á kísilmálm frá Íslandi. Því til viðbótar gætir óvissu um alþjóðaviðskipti vegna tollastefnu Bandaríkjanna. Nokkur aukning hefur verið í atvinnuleysi á Suðurnesjum en enn sem komið er mælist atvinnuleysi lágt fyrir landið í heild. Skráð atvinnuleysi jókst um 0,4 prósentustig á milli mánaða í 3,9% í október skv. Vinnumálastofnun. Atvinnuleysi var 3,5% á 2. fjórðungi ársins samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands og óbreytt milli ára.

Mat heimila á stöðu efnahags- og atvinnulífs samkvæmt væntingavísitölu Gallup hefur sveiflast undanfarin misseri. Á síðari hluta ársins í fyrra hækkaði hún, en á þessu ári hefur hún lækkað. Síðasta mælingin í mynd 1.2 er fyrir þriðja fjórðung ársins 2025 og sýnir að þá voru fleiri heimili svartsýn en bjartsýn. Í október, sem er síðasta mælingin á vef Gallup, er gildi vísitölunnar enn lægra en það var á þriðja fjórðungi 2025 (73,5). Væntingar innan fyrirtækja um stöðu og horfur í efnahagslífinu hafa versnað samkvæmt könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins.


Mynd 1.2. *Væntingavísitala Gallup gagnvart núverandi stöðu og til framtíðar, meðaltal ársfjórðunga, 2014F1–2025F3*



Skýringar: Þegar væntingavísitala Gallup er yfir 100 eru fleiri jákvæðir og ef hún er lægri eru fleiri neikvæðir. Vísitalan mælir skoðun fólks á núverandi efnahagsaðstæðum, væntingum til efnahagslífsins eftir 6 mánuði, mati á núverandi ástandi í atvinnumálum, væntingum til ástands í atvinnumálum og til heildartekna eftir 6 mánuði.
Heimildir: Gallup.

Það er hægt að skipta hagvexti upp í hagvöxt á íbúa og breytingu í fjölda íbúa. Vinstri hluti myndar 1.3 sýnir hagvöxt á Norðurlöndunum yfir tíma en hægra megin sést meðal hagvöxtur, meðal hagvöxt á mann ásamt meðal fjölgun íbúa á árunum 2019–2024. Á tímabilinu 2019 til 2024 var hagvöxtur mestur á Íslandi en þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar var hagvöxtur á mann mestur í Danmörku en tiltölulega lítill á Íslandi. Á tímabilinu 2019–2024 jókst meðalmannfjöldi á Íslandi um 35 þúsund einstaklinga eða 1,9% á ári. Árið 2024 var hagvöxtur á mann mestur í Danmörku, 3,0%, en á Íslandi var hann neikvæður um 2,8%.

Mynd 1.3. *Alþjóðlegur samanburður á þróun landsframleiðslu á föstu verðlagi, vísitölur 2019–2024 (til vinstri) og meðalvöxtur landsframleiðslu á föstu verðlagi sundurgreindur í íbúafjölgun og hagvöxt á mann 2019–2024 (til hægri)*




Heimildir: Eurostat.

Hagvöxt hér á landi árin 2021–2023 má að töluverðu leyti rekja til mikils vaxtar í ferðaþjónustu í kjölfar endurreisnar greinarinnar eftir heimsfaraldur. Takmarkaðri hagvöxt ársins 2024 má eins rekja til minni vaxtar í ferðaþjónustu.

Einkaneysla var einn af megindrífkröftum hagvaxtar á árunum 2021 og 2022, sem skýrist einkum af miklum aðflutningi fólks til landsins. Í fyrra var framlag fjármunamyndunar og samneyslu til hagvaxtar jákvætt á meðan framlag utanríkisviðskipta var neikvætt, sem má m.a. rekja til minni vaxtar í ferðaþjónustu ásamt nokkurri aukningu utanlandsferða frá Íslandi.

Mynd 1.4 *Hagvöxtur og framlag undirliða. Vöxtur landsframleiðslu á föstu verðlagi samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri (til vinstri) og vöxtur þáttatekna á föstu verðlagi samkvæmt framleiðsluuppgjöri (til hægri)*




Skýringar varðandi mynd til vinstri: Reiknað út frá nýjustu tölum Hagstofu til 2024 en út frá nóvemberspá Hagstofunnar eftir það. Skýringar varðandi mynd til hægri: Framlag undirliða leggst saman þannig að summa undirliða er jöfn hagvexti. Skýringu á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er skilgreint sem opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila. Heimildir: Hagstofa Íslands.

Ferðaþjónusta hefur staðið undir stórum hluta hagvaxtarins síðastliðin 15 ár en hefur verið talsvert sveiflukennd. Greinin er sérstaklega viðkvæm fyrir áföllum á borð við alvarlega veirufaraldra eða náttúruhamfarir. Íslenskar náttúruhamfarir eins og eldgos geta bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif sem birtust t.d. í kjölfar goss í Eyjafjallajökli. Þá hafa gengi og staða hagsveiflu einnig áhrif á afkomu í greininni eins og í ýmsum öðrum atvinnugreinum.

Árið 2024 komu um 2,2 milljónir erlendra ferðamanna hingað til lands. Á þessu ári má greina væga aukningu og náði 12 mánaða fjöldinn 2,3 milljónum í september 2025. Það kann að snúast við þegar áhrifa af nýlegu gjaldþroti innlends flugfélags fer að gæta í meira mæli í þessum tölum.

Mynd 1.5 *Erlendir farþegar og gistinætur, 12 mánaða uppsafnaður fjöldi einstaklinga og heildarfjöldi gistinátta í milljónum, janúar 2019 til september 2025*



Skýringar: Myndin sýnir fjölda í milljónum fyrir 12 mánaða tímabil sem enda í þeim mánuði sem merkt er við á lárétta ásnum.

Heimildir: Hagstofa Íslands.


1.3. Verðlag

Verðbólga mældist 4,3% í október 2025 og hefur haldist nær óbreytt frá því í febrúar. Verðbólgan fór hæst í 10,2% í ársbyrjun 2023 en hefur síðan lítið breyst. Á þessu ári hefur verðbólgan verið stöðug nálægt 4%, en verðbólga án húsnæðisliðar hefur hækkað lítillega á þessu ári og mældist 3,3% í október, en hefur hækkað lítillega á þessu ári.

Verðbólga hefur gengið hægar niður en væntingar stóðu til. Þrátt fyrir að dregið hafi úr spennu undanfarið og búast megi við að slaki myndist, þá hefur verðbólga ekki lækkað á þessu ári. Hagstofa Íslands spáir nú að verðbólga hjaðni samhliða minni umsvifum í hagkerfinu og verði 3,5% árið 2026 sem er meiri verðbólga en Hagstofan spáði í sumar.

Frá miðju síðasta ári hefur dregið úr framlagi húsnæðismarkaðar til verðbólgu. Framlag verðs innfluttra vara til verðbólgu hefur dregist lítillega saman á árinu en gengi krónunnar styrktist verulega og var 4,5% herra í september en það var við lok síðasta árs. Á síðustu dögum hefur þó nokkur hluti þessarar hækkunar gengið til baka. Á móti minna framlagi verðs innfluttra vara vögu hækkanir á innlendri þjónustu þannig að á heildina lítið breyttist verðbólgan lítið.


Mynd 1.6. Verðbólga með og án húsnæðisliðar (vinstri) og framlag undirliða til verðbólgu (hægri), janúar 2019 til október 2025



Skýringar: *án áfengis, tóbaks og bensíns, **án búvöru og grænmetis.
Heimildir: Hagstofa Íslands.

Frá ársbyrjun 2023 hefur verðbólga hér á landi verið meiri en á hinum Norðurlöndunum og evrusvæðinu, en heldur dró þó úr muninum í fyrra. Verðbólga mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs er nú um 1–2 prósentustigum hærri hér á landi en á Norðurlöndunum og evrusvæðinu. Verðbólga mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs hefur verið stöðug hér síðustu sex mánuði en jókst svo í september á meðan verðbólgan jókst lítillega í hinum löndunum.

Mynd 1.7. Alþjóðlegur samanburður á verðbólgu mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs janúar 2019–september 2025 (vinstri) og árshækkun á raunvirði húsnæðis, 1. ársfjórðungur 2019 – 2. ársfjórðungur 2025 (hægri)



Heimildir: Hagstofa Íslands.


Íbúðaverð var 8,1% herra árið 2024 en árið áður og nam árshækkunin síðsumars allt að 12%. Umsvif í tengslum við íbúðakaup Grindvíkinga höfðu þar talsverð áhrif. Umsvif á fasteignamarkaði það sem af er árinu eru nálægt því sem verið hefur síðustu ár. Samhliða minnkandi umsvifum hefur dregið úr hækkun íbúðaverðs. Raunverð íbúða er nú lítillega lægra en það var fyrir ári, sjá mynd 1.8.

Íbúðum til sölu fjölgaði um rúmlega þriðjung frá áramótum, hlutfallslega meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Nýbyggingum til sölu hefur fjölgað töluvert og eru þær nú um 40% allra íbúða á markaði. Hlutfallið hefur hækkað verulega frá því það var lægst í lok árs 2021 þegar það var 12%.

Seðlabankinn spáir því að hækkun íbúðaverðs hafi náð hámarki í byrjun þessa árs. Dregið hefur úr búferlaflutningum til landsins og háir vextir dregið úr eftirspurn eftir húsnæði. Frá dómi Hæstaréttar, þar sem skilmálar á óverðtryggðu láni með breytilega vexti voru dæmdir ólöglegir, hafa viðskiptabankarnir dregið úr lánaframboði, sérstaklega verðtryggðra lána.¹ Seðlabanki Íslands rýmkaði lánþegaskilyrði í byrjun nóvember. Breytingarnar þýða að fyrstu kaupendur þurfa minna eigið fé og að lánastofnanir hafa meira svigrúm til útlána þegar greiðslubyrði er há miðað við ráðstöfunartekjur.²

Húsnæðisverð hækkaði meira að raunvirði hér á landi en á hinum Norðurlöndunum á árunum 2022–2024. Undanfarið hefur hægt á raunverðshækkunum hér á landi en þær aukist á öðrum Norðurlöndum og er árshækkun raunverðs nú svipuð í öllum löndunum, sjá mynd 1.7.

Mynd 1.8. Ársbreytingar húsnæðisverðs (vinstri) og ársbreyting leiguverðs (hægri), janúar 2019–október 2025



Heimildir: Hagstofa Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Dregið hefur úr hækkun leiguverðs frá miðju ári 2024. Í september 2025 var leiguverð 7,4% hærra en ári áður, sem jafngildir 3,1% hækkun að raunvirði miðað við vísitölu neysluverðs. Þegar mest lét um mitt ár 2024 var árshækkun raunvirðis um 8,3% en nafnvirðis um 15,1%. Húsnæðisverð hækkaði nokkuð meira en leiguverð árið 2022, en viðsnúningur varð árið 2023 þegar leiguverð hækkaði umfram húsnæðisverð. Frá ársbyrjun 2024 hefur þróun leiguverðs og íbúðaverðs verið svipuð.


- 1 Dómurinn sneri að skilmálum varðandi breytingar á vöxtum á nafnvaxtaláni. Í dómnum er sagt að breytingar á vöxtum þurfi að taka mið af mælanlegum stærðum og stýrivexti Seðlabanka Íslands nefndir sem dæmi um slíka viðmiðun sem fullnægi skilyrðum fasteignalánalaganna Þrátt fyrir að dómurinn hafi ekki tengst verðtryggðum lánum er óvissa um lögmæti viðmiða verðtryggðra lána með breytilega vexti. Hjá Hæstarétti eru til umfjöllunar mál sem varða skilmála verðtryggðs láns með breytilegum vöxtum.
- 2 Undanþáguheimild lánveitenda til að veita lán umfram hámark greiðslubyrðar fasteignalána var hækkuð úr 5% í 10% af heildarfjárhæð fasteignalána. Til viðbótar var hámark veðsetningarhlutfalls við kaup á fyrstu fasteign hækkað úr 85% í 90%.

Útlit er fyrir að nýjum íbúðum fjölgi svipað í ár og undanfarin ár. Í fyrra fjölgaði nýjum íbúðum um 3.700 og horfur eru á að þeim fjölgi um 3.400 á þessu ári. Störfum í byggingariðnaði hefur fjölgað undanfarið og nokkuð meira en almennt á vinnumarkaði. Munurinn hefur þó minnkað. Hlutfall lausra starfa er einnig nokkuð meira í byggingariðnaði en almennt á vinnumarkaði.

1.4. Vextir

Frá október árið 2024 þegar stýrivextir Seðlabankans voru 9,25%, hafa þeir verið lækkaðir í 7,25%. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti um 0,25 prósentustig í nóvember. Í síðustu yfirlýsingu bendir Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands á að viðsnúningur í efnahagsumsvifum séu að verða greinilegri og að umrót sé á lánamarkaði í kjölfar dóms hæstaréttar. Nefndin leggur áherslu á að lækkun stýrivaxta nú sé viðbragð bankans við umróttinu á markaðnum og vaxtahækkunum á útlánum en áfram verði miðað við að lækkun stýrivaxta haldist í hendur við skýrar vísbendingar um að verðbólga sé að hjaðna í 2,5% markmið bankans.

Mynd 1.9 *Alþjóðlegur samanburður á stýrivöxtum (vinstri) og raunstýrivöxtum út frá liðinni verðbólgu (hægri)*



Skýringar varðandi myndina til vinstri: Daglegar tölur frá 1. janúar 2019 til 23. september 2025. Skýringar varðandi myndina til hægri: Mánaðarlegar tölur frá janúar 2019 til ágúst 2025.
Heimildir: Seðlabanki Íslands.

Framvirkir vextir á fjármálamarkaði gefa vísbendingu um þróun stýrivaxta á komandi misserum. Í nóvemberhefti Peningamála Seðlabanka Íslands er bent á að sé horft til væntinga á markaði, eins og þær birtast í framvirkum vöxtum, gefi þær til kynna að fjárfestar vænti þess að stýrivextir lækki hægt á næstu misserum og verði 6,75% eftir tvö ár. Raunvextir eru það afgjald sem greitt er fyrir lán að teknu tilliti til verðlagsþróunar og eru alla jafna taldir betri mælikvarði en nafnvextir á aðhald peningastefnunnar. Raunvextir eru mældir bæði út frá liðinni verðbólgu og út frá verðbólguvæntingum. Ef stýrivextir verða 6,75% eftir tvö ár þegar verðbólgan verður komin í markmiðið, 2,5%, eins og spáð er í nóvemberhefti Peningamála, verða raunstýrivextir rúmlega 4%.

Á árinu 2020 lækkuðu seðlabankar stýrivexti mikið til vega á móti samdráttaráhrifum vegna heimsfaraldurs. Þegar verðbólgan fór að hækka vorið 2021 biðu seðlabankar með hækkanir á stýrivöxtum og vonuðu að verðbólgan myndi lækka hratt þegar samfélög kæmust í fyrra horf. Fljótlega varð verðbólga hærri en stýrivextir og raunstýrivextir og

raunvextir óverðtryggðra lána til heimila og fyrirtækja því neikvæðir frá árinu 2020 fram á árið 2023. Á sama tíma breyttist afstaða seðlabanka og talið var brýnt að herða aðhald í peningamálum til að ná niður verðbólgu. Verðbólga á Íslandi jókst fyrr en víða annars staðar og Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti á undan mörgum erlendum seðlabönkum, sbr. mynd 1.9. Síðustu ár hafa stýrivextir verið nokkuð hærri hér á landi en í helstu viðskiptalöndunum. Frá miðju ári 2024 hafa raunstýrivextir einnig verið hærri hér á landi en raunstýrivextir annarra landa sem sýndir eru til hægri í mynd 1.9, en munurinn var minni en munurinn á nafnvöxtunum vegna meiri verðbólgu hér. Lækkun stýrivaxta hefur haldist í hendur við lækkun verðbólgu og raunstýrivextir því verið nokkuð stöðugir frá miðju ári 2024.

1.5. Fjármál hins opinbera

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerir ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 0,8% af landsframleiðslu árið 2025 og að hún verði neikvæð um 0,5% af landsframleiðslu á næsta ári miðað við fjárlög sem nú eru til meðferðar hjá Alþingi. Áætlanir benda til að frumjöfnuður, sem mælir afkomu ríkissjóðs³ fyrir vaxtatekjur og -gjöld, verði jákvæður um 1,0% árið 2025 og jákvæður um 1,3% árið 2026 samkvæmt uppfærðum afkomuhorfum fyrirbyggjandi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2026. Frumjöfnuður ríkissjóðs var 1,1% af landsframleiðslu árin 2023 og 2024. Árin 2021 og 2022 batnaði afkoma ríkissjóðs verulega (sjá mynd 1.10), sem skýrist af batnandi efnahagsástandi í kjölfar heimsfaraldursins með auknum umsvifum og tekjum. Til viðbótar við það hefur verið nokkurt aðhald á ríkisfjármálum á árunum 2022–2025. Að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins er aðhald ríkisfjármálanna 1,7% af landsframleiðslu í ár og 0,2% árið 2026.⁴

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 er það fyrsta eftir innleiðingu stöðugleikareglu í lög um opinber fjármál. Samkvæmt reglunni er ekki heimilt að auka ríkisútgjöld að raunvirði um meira en 2% á ári, að teknu tilliti til undanskilinna liða og aukinna tekjuráðstafana.⁵ Útgjaldavöxtur samkvæmt stöðugleikareglunni er 1,9% árið 2026 samkvæmt uppfærðum afkomuhorfum fjárlagafrumvarpsins. Svigrúm til versnandi afkomu er 1,5 milljarðar króna nema að gerðar verði frekari ráðstafanir á tekjuhlið.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2026 eru boðaðar aðhaldsaðgerðir á bæði tekju- og útgjaldahlið. Áætlað er að tekjuáhrif helstu skattbreytinga auki tekjur ríkissjóðs um 28 milljarða króna á næsta ári. Munar þar mest um breytingar á skattlagningu ökutækja (um 11 milljarða króna), breytingar á veiðigjöldum (8 milljarða króna) og breytt fyrirkomulag samsköttunar (4 milljarða króna).

Ráðstafanir til að halda aftur af útgjaldavexti ríkissjóðs nema 15 milljörðum króna og felast í almennri aðhaldskröfu og sértækum ráðstöfunum. Almenn aðhaldskrafa verður 1%, en þar eru undanskilin heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skólar og löggæsla. Áætlað er að hún dragi úr útgjöldum um 2 milljarða króna.

3 Með afkomu er átt við heildartekjur að frádregnum heildarútgjöldum.


4 Með auknu aðhaldi er átt við breytingar sem bæta afkomu hins opinbera, hvort sem það er á útgjalda- eða tekjuhlið.

5 Liðir sem eru undanskildir nema um fimmtungi af ríkisútgjöldum. Stærstu liðir eru vaxtagjöld, lífeyrisskuldbindingar, fjárfestingar, atvinnuleysisbætur og framlög til jöfnunarsjóðs.

Sértækar ráðstafanir fela m.a. í sér frestun eða niðurfellingu verkefna, endurskoðun á forsendum fjárveitinga, endurskoðun fyrirkomulags eða umbótum og hagræðingu í rekstri, t.d. með sameiningu stofnana. Alls er áætlað að þessar ráðstafanir muni draga úr útgjöldum sem nema 13 milljörðum króna á næsta ári.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu, svokallað skuldahlutfall, hækkaði um 10,7 prósentustig á árunum 2019–2021 og hækkuðu um tæpt prósentustig milli 2021 og 2024. Gert er ráð fyrir að hlutfallið hækki um 4 prósentustig í ár en haldist nær óbreytt árið 2026, sjá mynd 1.10.

Mynd 1.10. Afkoma ríkissjóðs (% af vergri landsframleiðslu), 2019–2026 (vinstri) og skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu (% af landsframleiðslu), 2019–2026 (hægri)



Skýringar: Byggir á tillögum að breytingum við 2. umr. frumvarps til fjárlaga árið 2026 og áætlunum um afkomuna 2025 og 2026 sem þar eru. Uppgjör ÍL-sjóðs árið 2025 felur m.a. í sér útgáfu nýrra ríkisskuldabréfa sem nema nærri 6% af landsframleiðslu, en skuldir sjóðsins voru ekki bókfærðar í skuldahlutfalli ríkissjóðs skv. lögum um opinber fjármál og hækkar skuldahlutfallið því um nærri 6 prósentustig við uppgjörið.

Heimildir: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 með breytingum eftir 2. umr.

Afkoma sveitarfélaga hefur farið batnandi undanfarin tvö ár eftir hallarekstur í kjölfar heimsfaraldurs. Það má einkum merkja á því að veltufé frá rekstri er nú nokkuð meira en það var á árum heimsfaraldurs. Árið 2023 og 2024 var það 8,3% af tekjum og er áætlað 7,9% árið 2025 og batnar svo lítillega næstu ár. Almenn er talið að sveitarfélag þurfi veltufé sem nemur um 9% af tekjum til að það hafi næga fjármuni úr eigin rekstri til ráðstöfunar í fjárfestingar og afborganir lána.⁶ Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna, þ.e. mismunur tekna og útgjalda, var jákvæð um sem nemur 3,9% af tekjum árið 2024 og gera áætlanir ráð fyrir að afkoman verði jákvæð um 1,4% í ár og 2,3% af tekjum árið 2026. Skuldastaða sveitarfélaganna hefur einnig batnað, en skuldahlutfall þeirra fór úr 114% af tekjum í 107% á milli árunna 2022 og 2024. Útlit er fyrir því að skuldahlutfallið fari í 111% í ár og haldist nær óbreytt árið 2026.


6 Með sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar bæði til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Veltufé frá rekstri sýnir hvaða fjármunir eru til staðar til greiðslu afborgana og lána til fjárfestinga eftir að reikningar vegna daglegs rekstrar hafa verið greiddir.

1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni

Vöxtur framleiðni, þ.e. framleiðslu á hverja vinnustund, er helsti drifkraftur aukins kaupmáttar og bættra lífskjara. Mikil hækkun launakostnaðar til lengri tíma, umfram framleiðnivöxt þjóðarþúsins mun, að öðru óbreyttu, stuðla að hærri verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega. Á heildina litið jókst framleiðni vinnuafls um 1,1% á árinu 2023 en dróst saman um 2,3% á árinu 2024. Framleiðni dróst saman í flestum atvinnugreinum. Undantekningar voru í framleiðslu þar sem framleiðni jókst um 0,5% og í upplýsingum og fjarskipti þar sem vöxturinn var 1,0%. Nokkrar sveiflur eru að jafnaði í þróun á framleiðni milli ára. Þegar horft er til tímabilsins frá árinu 2019 til ársins 2024 jókst framleiðni í hagkerfinu að meðaltali um 0,7% á ári.

Töluverður munur er á framleiðnivexti milli atvinnugreina. Sé starfsemi sem einkum er á vegum hins opinbera⁷ undanskilin, jókst framleiðni um 1,3% að meðaltali frá árinu 2019 til ársins 2024. Mestur hefur framleiðnivöxtur á tímabilinu verið í ferðaþjónustu, verslun og þjónustugreinum. Í atvinnugreinum tengdri ferðaþjónustu hafa verið miklar sveiflur í framleiðni síðustu ár. Í heimsfaraldri var framleiðniþróun neikvæð (-26% árið 2020) en í kjölfarið varð viðsnúningur og framleiðni tók að aukast í greininni og jókst á heildina litið umfram það sem verið hafði fyrir heimsfaraldur. Þessi þróun gekk þvert á atvinnugreinar innan ferðaþjónustu, t.d. ferðaskrifstofur, leigustarfsemi og farþegaflutninga. Í samanburði við hin Norðurlöndin var framleiðnivöxtur síðastliðinn áratug mestur hér á landi, 1,0% á ári. Á fyrri hluta tímabilsins, árin 2015–2018, var vöxturinn mestur í Danmörku en næstmestur í Finnlandi en á seinni hluta tímabilsins, árin 2019–2024, var framleiðnivöxtur mestur hér og í Noregi.

Mynd 1.11 *Framleiðnivöxtur eftir atvinnugreinum (til vinstri) og alþjóðlegur samanburður á framleiðnivexti (til hægri)*



Skýringar: Á mynd til vinstri er framleiðnivöxtur skilgreindur sem breyting þáttatekna á föstu verðlagi á vinnustund milli ára, en á mynd til hægri eru sýndar breytingar milli ára á landsframleiðslu á föstu verðlagi á vinnustund. Skýringar á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er í höndum einkaaðila. Heimildir: Hagstofa Íslands og Eurostat.


7 Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila.

Hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum, þ.e. launahlutfallið sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni, var 61,4% í fyrra og hækkaði um 1,8 prósentustig milli ára. Á kjarasamningstímabilinu 2019–2022 lækkaði launahlutfallið í hagkerfinu í heild um 2,2 prósentustig.

Launahlutfallið lækkaði mest á tímabilinu 2019–2022 í iðnaði, byggingarstarfsemi meðtalin, en minnst í sjávarútvegi. Í ferðaþjónustu lækkaði launahlutfallið á heildina lítið, en sveiflaðist mikið í heimsfaraldrinum. Á tímabilinu 2022–2024 hækkaði launahlutfallið mest í iðnaði.


Raungengi á mælikvarða launa mælir þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu milli landa mælt í sama gjaldmiðli. Þetta raungengi er mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfisins. Raungengi á mælikvarða launa gefur til kynna hvort launakostnaður á framleidda einingu hækki eða lækki í samanburði við önnur lönd, að teknu tilliti til breytinga á gengi gjaldmiðla og segir þannig til um breytingar á launakostnaði við framleiðslu á Íslandi í samanburði við önnur lönd.

Mynd 1.12. *Launahlutfall, 2019-2024 (tilvinstri) og raungengi m.v. laun, 1. ársfjórðungur 2019 til 2. ársfjórðungur 2025, vísitala 1. ársfjórðungur 2019 = 100 (til hægri)*



Skýringar: Launahlutfall er hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum. Brotalína sýnir meðaltal 1995-2024. Raungengi miðað við launakostnað.


Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Mynd 1.13. *Launahlutfall eftir atvinnugreinum árin 2019–2024*

Skýringar: Launahlutfall er hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum. Skýringar á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er hins vegar í höndum einkaaðila.
Heimildir: Hagstofa Íslands.

Á árunum 2023–2024 var launakostnaður á unna stund, mældur í sama gjaldmiðli, hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum, en á árunum fyrir 2023 var hann hæstur í Noregi. Síðustu ár hafa Danmörk, Noregur og Ísland verið með hæstu laun á þennan mælikvarða.


Á undanförunum árum hefur launakostnaður á unna stund mældur í heimagjaldmiðli hækkað mest hér á landi af Norðurlöndunum. Á árunum 2019–2024 hækkaði tímakaup að meðaltali um 6,5% hér á landi samanborið við 2,7%–4,5% í nágrannaríkjunum. Á árunum 2019–2024 veiktist gengi krónunnar, einkum í kjölfar heimsfaraldurs, þannig að launahækkanir í erlendum gjaldmiðli urðu minni. Launahækkanir mældar í sama gjaldmiðli voru meiri en í nágrannaríkjunum á tímabilinu og launabreytingar mældar í Bandaríkjadöllum eru minni en hækkanir mældar í evrum vegna styrkingar Bandaríkjadals gagnvart evru.

Mynd 1.14. *Meðallaunakostnaður á unna vinnustund í evrum 2018–2024 (til vinstri) og árleg hækkun á meðallaunakostnaði á vinnustund í heimagjaldmiðli, Bandaríkjadöllum og evrum 2019–2024 (til hægri)*

Heimildir: Eurostat.

Viðskiptakjör, þ.e. hlutfallið á milli verðsins sem íslenskir útflytjendur fá fyrir afurðir sínar og verðsins sem greiða þarf fyrir innflutning til landsins, versnuðu árið 2023 um 5,4% frá fyrra ári en bötnuðu um 1,8% á árinu 2024. Á fyrri hluta þessa árs voru viðskiptakjörin 3,4% hagstæðari en þau voru á sama tíma í fyrra.

Mynd 1.15. *Vísitala viðskiptakjara, 1. ársfjórðungur 2019 – 2. ársfjórðungur 2025 (1. ársfjórðungur 2019 = 100)*



Heimildir: Hagstofa Íslands.


1.7. Fjárhagsstaða heimila

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 2,0% árin 2023–2024 og um 1,3% á fyrri helmingi ársins 2025. Á árunum 2019–2024 jókst hann að jafnaði um 2,2% á ári, þrátt fyrir að hafa minnkað um 0,4% árið 2022.

Árin 2023 og 2024 drógust laun á hvern starfandi saman að raunvirði. Árið 2022 leiddi aukin atvinnuþátttaka til aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna, en aukin vaxtagjöld heimilanna vegna hárri vaxta vógu á móti þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst til jafns við laun á hvern starfandi. Árið 2023 jókst atvinnuþátttaka sem leiddi til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst umfram laun á hvern starfandi. Árið 2024 hélst hlutfall fólks í vinnu óbreytt milli ára en tekjur af eignum jukust umfram gjöld af eignum, sem leiddi til aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna.

Launavísitalan mælir breytingar á tímakaupi miðað við fasta samsetningu vinnumarkaðar milli tímabila, ólíkt mælikvarðanum laun á hvern starfandi þar sem breytingar í samsetningu vinnumarkaðar hafa áhrif. Undanfarin ár hefur launavísitalan hækkað hraðar en laun á hvern starfandi. Á hverju ári frá árinu 2020 hefur hlutfall skulda á móti eignum lækkað og sömuleiðis hlutfall skulda á móti ráðstöfunartekjum, sjá mynd 1.16. Þar hefur mikil hækkun raunverðs húsnæðis leikið stórt hlutverk. Eignastaða heimila er sterk og skuldir heimilanna hafa lækkað í hlutfalli við landsframleiðslu og eru lágar í sögulegu samhengi. Vanskilahlutfall lána heimila hjá stóru bönkunum hefur hækkað lítillega frá seinni hluta árs 2022 en er enn lægra en á árunum 2018–2019.


Mynd 1.16. *Breyting milli ára á kaupmætti launa á starfandi og ráðstöfunartekna á mann, 2014–2025 (til vinstri) og skuldir heimila sem % afeignum og ráðstöfunartekjum, 2019–2024 (til hægri)*



Skýringar: Ráðstöfunartekjur á mann og laun á hvern starfandi byggja á tekjuskiptingaruppgjöri þjóðhagsreikninga. Leiðrétt er fyrir verðlagi með vísitölu neysluverðs. 2025 er fyrri helmingur árs. Heimildir: Hagstofa Íslands.

Óverðtryggðir vextir íbúðalána hafa lækkað samhliða lækkandi stýrivöxtum. Lægstir voru breytilegir óverðtryggðir vextir 3,4% hjá viðskiptabönkunum á fyrri hluta árs 2021, en samsvarandi vextir eru nú í kringum 9%, sjá mynd 1.17. Verðtryggðir vextir hafa haldist háir.

Mynd 1.17. *Verðtryggðir og óverðtryggðir vextir íbúðalána, janúar 2019 til október 2025*




Skýringar: meðalvextir stóru viðskiptabankanna og meðaltal lífeyrissjóða. Heimildir: Seðlabanki Ísland.

Vaxtagjöld allra lána sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila hækkuðu úr 8,1% árið 2021 í 10,8% árið 2023 og breyttust lítið árið 2024 og það sem af er árinu 2025. Talsverður munur er þó á vaxtabyrði eftir aldurshópum. Á tímabilinu 2021–2023 hækkuðu vaxtagjöld mun meira hjá ungu fólki og minna hjá eldri hópum, sem almennt skulda minna.

Greiðslubyrði fasteignalána í hlutfalli við ráðstöfunartekjur hjá lántakendum með ný fasteignalán hefur lækkað á árinu. Í janúar 2025 var hlutfallið að meðaltali 27,0% en er nú 25,7%. Hlutfall heimila með greiðslubyrði í hlutfalli við ráðstöfunartekjur yfir 35% hefur einnig lækkað, úr 17,4% í 12,4% á sama tímabili.

Um 36% fasteignalána heimila eru óverðtryggð og þar af eru 57% á breytilegum vöxtum og 43% á föstum vöxtum í tiltekinn tíma. Vextir af 29% þessara lána koma til endurskoðunar á árunum 2025 og 2026. Greiðslubyrði heimila með slík lán mun í flestum tilfellum hækka í kjölfar vaxtaendurskoðunar enda vaxtakjör almennt verri nú en þau voru fyrir nokkrum árum þegar lánin voru tekin.

Mynd 1.18. *Fjárhæðir íbúðalána í milljörðum króna eftir því hvort og hvenær vextir koma til endurskoðunar (vinstri) og samsetning nýrra fasteignalána (hægri)*



Heimildir: Seðlabanki Íslands.

Sókn í verðtryggð lán jókst samhliða hækkandi vöxtum og frá miðju ári 2023 var meirihluti nýrra íbúðalána verðtryggður. Slík færsla dregur úr greiðslubyrði og hægir á eignamyndun, einkum þegar verðbólga er mikil. Í árslok 2024 tók hlutfall nýrra verðtryggðra lána að lækka á ný og er nú 55%. Minni sókn í verðtryggð lán má m.a. rekja til þess að verðtryggðir vextir hafa haldist háir og að skilyrði bankanna vegna verðtryggðra útlána hafa verið hert. Í kjölfar dóms hæstaréttar í október 2025 varð talsverð skerðing á framboði fasteignalána eins og fjallað er um í kafla 1.3.

2. Vinnumarkaður

2.1. Samantekt

Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði eftir því sem hægt hefur á efnahagsumsvifum. Starfandi fólki fjölgar nú hægar en áður, dregið hefur lítillega úr fjölda starfandi í ferðapjónustu og færra fólk með erlendan bakgrunn kemur til landsins. Atvinnuleysi er áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil. Lausum störfum hefur fækkað lítils háttar á þessu ári og færri stjórnendur telja vera skort á starfsfólki. Nú hyggst sami fjöldi stjórnenda fjölga og fækka starfsmönnum.

Innflytjendum á vinnumarkaði hefur fjölgað hratt undanfarinn áratug. Almenn flyst fólk til landsins vegna atvinnu og þeir sem hingað koma eru langflestir á vinnualdri. Um helmingur þeirra sem fluttust hingað til lands með erlent ríkisfang á árunum 2012 til 2024 var á aldrinum 25–45 ára. Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flytur til landsins sveiflast töluvert eftir efnahags- og atvinnuástandinu hverju sinni og hefur þeim nú fækkað í takt við minni vöxt í efnahagslífinu.

Langtímaatvinnuleysi er oftast skilgreint sem atvinnuleysi sem varir lengur en 12 mánuði. Víða erlendis er langtímaatvinnuleysi vandamál og þar er mikið rætt um að fólk festist í langtímaatvinnuleysi. Hér á landi mælist langtímaatvinnuleysi lítið og oftast minnst í Evrópu. Í kjölfar stórra efnahagsáfalla eins og gjaldþroti bankanna árið 2008 og heimsfaraldursins 2020–2021 hefur langtímaatvinnuleysi hækkað mikið en það hefur fljótlega lækkað aftur í mjög lágt hlutfall. Oftast er lítill munur á langtímaatvinnuleysi karla og kvenna. Atvinnuleysi á Íslandi hefur verið lágt í samanburði við önnur Evrópulönd og líkurnar á að atvinnulausir eða þeir sem eru utan vinnumarkaðar fái starf eru miklar (um 62% atvinnulausra og 23% utan vinnumarkaðar fengu starf árið 2024). Þessi hlutföll eru há í alþjóðlegum samanburði og endurspeгла mikinn hreyfanleika inn á vinnumarkaðinn.

2.2. Þróun vinnumarkaðar


Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuleysi á Íslandi lágt og hlutfall starfandi hátt, vinnutími er tiltölulega stuttur, meðallaun há og launadreifing lítil líkt og á öðrum Norðurlöndum.¹ Fjöldi starfa í ferðapjónustu vex nú hægar en áður og færra erlent starfsfólk kemur til landsins. Atvinnuleysi er enn lágt og atvinnuþátttaka mikil. Hægt hefur á fjölgun starfandi á vinnumarkaði undanfarið ár, sé horft til staðgreiðslugagna.²

Árið 2024 fjölgaði starfandi alls um 2,4%, þar af fjölgaði starfandi með erlendan bakgrunn um 6,9% en starfandi með íslenskan bakgrunn um 1,0%. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs fjölgaði starfandi alls um 0,7%, þeim sem eru með erlendan bakgrunn fjölgaði um 3,8% meðan þeim sem eru með íslenskan bakgrunn fækkaði um 0,3%. Stærsti hluti þeirra sem komið hafa inn á vinnumarkaðinn á síðustu árum eru innflytjendur eins og sést á mynd 2.1. Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár og hefur hlutdeild þeirra af starfandi farið úr 18,1% á árinu 2021 í 24,3% á fyrstu 8 mánuðum þessa árs, sem er hærra hlutfall en fyrir heimsfaraldur, en árið 2019 var hlutdeild innflytjenda 19,3%. Fyrir tuttugu árum, árið 2005, var hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði 6,9%.

1 Í vorskýrslu 2024 KTN má finna upplýsingar um þessi atriði.

2 Fjölgun starfandi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn hefur verið sveiflukenndari frá því í byrjun 2024. Það kann að skýrast af minni svörun innflytjenda í könnuninni.

Mynd 2.1. Hlutfallsleg breyting í fjölda starfandi á 12 mánuðum (til vinstri) og framlög til 12 mánaða breytinga í fjölda starfandi eftir bakgrunni (hægri), janúar 2019–ágúst 2025




Skýringar: Á myndinni til vinstri er miðað er við árstíðarleiðréttan leitni í fjölda starfandi í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Á myndinni til hægri er byggt á staðgreiðslugögnum.
Heimildir: Hagstofa Íslands.

Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði á síðustu mánuðum. Í könnun Hagstofunnar voru 4.980 störf laus á þriðja fjórðungi ársins 2025, sem eru 1.280 færri störf en á sama fjórðungi ári áður. Hlutfall lausra starfa á móti fjölda atvinnulausra er þekktur mælikvarði á spennu á vinnumarkaði. Við hlutfall yfir einum eru fleiri laus störf en fjöldi atvinnulausra. Á öðrum fjórðungi í ár var þetta hlutfall 0,6, þ.e. þá voru 0,6 atvinnulausir á hvert laust starf, en á öðrum ársfjórðungi í fyrra var það 1,0, þ.e. fjöldi lausra starfa var jafn fjölda atvinnulausra. Hlutfallið gefur vísbendingu um að spennu á vinnumarkaði hafi minnkað verulega.

Stjórnendur 19% fyrirtækja áformuðu í september sl. að fjölga starfsfólki en 18% áformuðu að fækka þeim.³ Þá telur fimmtungur stjórnenda nú vera skort á starfsfólki, sem er undir langtímameðaltali. Þetta hlutfall hefur farið stöðugt lækkandi frá þriðja fjórðungi ársins 2022, þegar það nam 54%.

3 Samkvæmt könnun Gallup á viðhorfi stjórnenda í 400 stærstu fyrirtækjum landsins.

Mynd 2.2. *Laus störf og hlutfall lausra starfa á móti atvinnuleysi árin 2019–2025 (til vinstri) og hlutfall fyrirtækja sem telja skort vera á starfsfólki, punktalínan sýnir meðaltal árin 2013–2025 (til hægri)*



Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Atvinnuleysi er almennt metið á tvo mælikvarða. Annars vegar út frá fjölda einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og hins vegar í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands, sem framkvæmd er með spurningakönnun þar sem úrtak úr þjóðskrá er spurt allt árið um kring. Atvinnuástandið hefur verið gott undanfarin ár, spurn eftir vinnuafli verið mikil og atvinnuþátttaka aukist frá því sem var þegar heimsfaraldurinn gekk yfir. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,9% í október, sem er 0,5 prósentustigum meira en á sama tíma í fyrra, sjá mynd 2.3. Mælt atvinnuleysi í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var 3,9% í september 2025, sem er 0,5 prósentustigum meira en á sama tíma ári áður.⁴ Síðustu ár hefur verið lítill munur á skráðu og mældu atvinnuleysi en í heimsfaraldrinum var skráð atvinnuleysi töluvert hærra en mælt atvinnuleysi.

Mynd 2.3. *Atvinnuleysi (vinstri) og atvinnuþátttaka (hægri), 2019–2025*



Skýringar: Vinnumálastofnun mælir skráð atvinnuleysi, þ.e. fjölda þeirra sem eru skráðir atvinnulausir hjá stofnuninni sem hlutfall af vinnuafli. Hagstofa Íslands mælir atvinnuleysi í vinnumarkaðsrannsókn, þar sem atvinnulaus er sá sem er án vinnu, að leita sér vinnu og tilbúinn að hefja störf. Vinnumálastofnun horfir því á skráningu í bótakerfi en Hagstofan á stöðu fólks óháð skráningu.

Heimildir: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.


4 Til að jafna út tilviljunarkennd frávík er hér miðað við leitni atvinnuleysis samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn.

2.3. Langtímaatvinnuleysi og fjöldauppsagnir

Langtímaatvinnuleysi

Atvinnuleysi fylgir hagsveiflunni, bæði skammtíma- og langtímaatvinnuleysi. Hér er langtímaatvinnuleysi skilgreint sem fólk sem hefur verið atvinnulaust í meira en ár. Mynd 2.4 byggir á tölum Vinnumálastofnunar um langtímaatvinnuleysi og tölum um fjölda á vinnumarkaði, þ.e. fjöldi starfandi skv. Hagstofu Íslands og fjölda atvinnulausra. Sýnd er þróun langtímaatvinnuleysis í hlutfalli af fjölda á vinnumarkaði. Lítill munur hefur verið á langtímaatvinnuleysi hjá körlum og konum undanfarin 20 ár. Á árinu 2024 var það 0,04 prósentum hærra hjá körlum en konum. Munurinn var mestur árið 2010 þegar langtímaatvinnuleysi karla var 0,55 prósentum hærra en langtímaatvinnuleysi kvenna. Á árinu 2021 var það 0,42 prósentum hærra hjá körlum. Í kjölfar efnahagsniðursveiflna jókst langtímaatvinnuleysi meira hjá þeim sem eru með erlent ríkisfang en hjá Íslendingum. Það kann að tengjast því að fólk með erlent ríkisfang starfaði hlutfallslega meira í atvinnugreinum sem efnahagsáföllin höfðu mikil áhrif á. Það á við um byggingarstarfsemi fyrir fjármálahrunið 2008 og ferðaþjónustu fyrir heimsfaraldurinn 2020. Langtímaatvinnuleysi lækkaði aftur á móti hratt í uppsveiflu, bæði hjá Íslendingum og hjá fólki með erlent ríkisfang, en lækkaði þó meira hjá þeim síðarnefndu, sjá mynd 2.4.

Mynd 2.4. *Langtímaatvinnuleysi Íslendinga, innflytjenda og allra, ásamt atvinnuleysi alls, árin 2005–2025*




Skýringar: Langtímaatvinnuleysi er hlutfall þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en ár af vinnuaflinu (starfandi að viðbættum atvinnulausum).

Heimildir: Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands.

Langtímaatvinnuleysi á Íslandi er lágt í alþjóðlegum samanburði og hefur verið það undanfarin ár. Oftast hefur Ísland verið með lágsta langtímaatvinnuleysið í Evrópu og þótt það væri ekki minnst hér á fyrstu árunum eftir bankakreppuna árið 2008, var Ísland aldrei fjær botnsætinu en sem nam 8. neðsta sætinu af 34 ríkjum á árinu 2011. Árið 2013 var Ísland aftur með lágsta langtímaatvinnuleysi og hefur haldið því sæti síðan, ef frá er talið árið 2021 þegar Ísland var í 7. neðsta sætinu. Í samanburði við lönd í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku var langtímaatvinnuleysi lægst á Íslandi árið 2024, sjá mynd 2.5.

Mynd 2.5. *Alþjóðlegur samanburður á langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi alls árið 2024 í völdum OECD löndum (vinstri) og þróun langtímaatvinnuleysis á Norðurlöndunum, 2000-2024 (hægri)*



Skýringar: Langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi sem hlutfall af fjölda fólks á vinnumarkaði. Langtímaatvinnuleysi í Svíss miðar við 2023.

Heimildir: OECD.

Langtímaatvinnuleysi hér á landi hefur síðustu ár almennt verið lægra en á hinum Norðurlöndunum nema á tímabilinu eftir fjármálahrun og í kringum heimsfaraldurinn, þegar langtímaatvinnuleysi á Íslandi jókst meira en á hinum Norðurlöndunum, sjá mynd 2.5.


Langtímaatvinnuleysi er talið einn af mælikvörðum á virkni og hagkvæmni vinnumarkaðar. Á þeim mælikvarða er íslenskur vinnumarkaður mjög virkur og hagkvæmur. Það er líka ljóst að efnahagsumsvif dragast saman þegar fólk er lengi án vinnu, bæði vegna minni framleiðslu og þar sem atvinnulausir viðhalda síður færni, en einnig vegna kostnaðar við endurhæfingu og bætur þeirra sem lenda í því að vera lengi atvinnulausir. Það eru því margar ástæður fyrir því að skynsamlegt er fyrir stjórnvöld að fylgjast vel með þróun langtímaatvinnuleysis og leitast við að draga sem mest úr því.

5

Hreyfanleiki vinnuafls

Atvinnuleysi á Íslandi hefur á undanförunum árum verið tiltölulega lágt í samanburði við önnur Evrópulönd. Í samræmi við það eru líkur á að einstaklingar sem eru utan vinnumarkaðar eða atvinnulausir fái starf miklar, sjá mynd 2.7. Á árinu 2024 fengu um 62% þeirra sem voru atvinnulausir í byrjun ársins starf. Á sama ári fengu 23% fólks utan vinnumarkaðarins (þ.e. búsett hér en hvorki í vinnu né atvinnulaust) starf. Þessi hlutföll eru há í samanburði við Norðurlöndin og Evrusvæðið. Myndin til vinstri í mynd 2.6 sýnir hlutfall atvinnulausra sem finna sér starf en myndin til hægri sýnir hlutfall einstaklinga utan vinnumarkaðar sem fær vinnu. Bæði hlutföllin eru há í alþjóðlegum samanburði, sem endurspeglar mikinn hreyfanleika þeirra sem eru á markaðnum og mikinn hreyfanleika inn á vinnumarkaðinn (og væntanlega líka út af honum).

Mynd 2.6. *Hlutfall atvinnulausra sem fá vinnu á árinu (vinstri) og hlutfall einstaklinga utan vinnumarkaðarins sem fá vinnu á árinu (hægri), árin 2011-2024*



Heimildir: Eurostat.

Annar mælikvarði á sveigjanleika og virkni vinnumarkaðar er landfræðilegur hreyfanleiki vinnuafslsins. Nýjustu gögn Eurostat sýna að á árinu 2022 var Ísland með mesta innstreymi fólks frá EES-svæðinu í hlutfalli við fjölda á vinnufærum aldri og í þriðja sæti varðandi hlutfallslegt útstreymi fólks frá EES-svæðinu.⁶


Fjöldauppsagnir og gjaldþrot

Reglulega missir fjöldi fólks vinnuna, annað hvort vegna hópuppsagna eða gjaldþrota. Mynd 2.7 sýnir fjölda einstaklinga sem misstu vinnuna annað hvort vegna hópuppsagnar eða gjaldþrots, fjölda fyrirtækja þar sem til hópuppsagna kom ásamt fjölda gjaldþrota fyrirtækja. Til vinstri eru hópuppsagnir og til hægri fjöldi starfsfólks sem missti vinnuna þegar fyrirtækin urðu gjaldþrota. Fyrirtækjum er skylt að tilkynna sérstaklega til Vinnumálastofnunar ef þau hyggjast segja upp hópi starfsmanna á tilteknu 30 daga tímabili.⁷

6 Annual report on intra-EU labour mobility Edition 2024 (bls. 30-33). [Annual report on intra-EU labour mobility - Publications Office of the EU](#)

7 Viðmið varðandi stærð hópsins er hærra eftir því sem fleiri starfa hjá fyrirtækinu. Það telst hópuppsögn ef fyrirtæki þar sem venjulega starfa á milli 20 og 100 hyggst segja upp 10 eða fleiri starfsmönnum, ef fjöldi starfsmanna er venjulega á milli 100 og 300 telst það hópuppsögn ef hún varðar a.m.k. 10% af starfsmönnum og ef fjöldi starfsmanna er venjulega 300 eða meiri telst það hópuppsögn ef fyrirtækið hyggst segja upp 30 eða fleirum.

Mynd 2.7. *Fjöldi starfsfólks fyrirtækja sem verða gjaldþrota (vinstri) og starfsmanna og fjöldi fyrirtækja í hópuppsögnum (hægri), 1. ársfjórðungur 2018 til 3. ársfjórðungur 2025*



Skýringar: Á hægri mynd er vísað til fjölda launafólks sem var í vinnu hjá fyrirtæki að jafnaði árið áður. Gjaldþrot vísar til fyrirtækja sem voru með virkni á fyrra ári.

Heimildir: Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands.

Töluverð aukning var á fjölda einstaklinga sem varð fyrir hópuppsögnum í heimsfaraldrinum, aðallega árið 2020. Mun minni aukning varð í fjölda launafólks sem missti vinnuna vegna gjaldþrota. Hvað fjölda fyrirtækja sem urðu gjaldþrota varðar, varð meiri aukning árið 2019, ári áður en heimsfaraldurinn skall á.

3. Laun og launaþróun

3.1. Samantekt

Frá því að núverandi kjarasamningslota hófst í febrúar árið 2024 og fram til október árið 2025 hefur launavísitalan hækkað um 12,9% en vísitala grunnlauna um 13,2%. Sundurliðuð gögn KTN um launaþróun eftir mörkuðum liggja fyrir frá upphafi núverandi lotu fram til júní 2025 og er nokkur munur á hækkun grunntímakaups milli markaða. Grunntímakaup á almennum markaði hækkaði um 11,9% á tímabilinu frá febrúar 2024 til júní 2025, hjá ríki um 12,2%, hjá Reykjavíkurborg um 12,9% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 14,3%. Í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið í samningalotunni var almennt farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana og eru samningsbundnar launahækkarnir því hlutfallslega mestar á lægri laun, en samningar KÍ við ríki og sveitarfélög voru þó frábrugðnir öðrum samningum vegna áherslu á virðismat. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á tímabilinu hafði kaupmáttur grunntímakaups í júní 2025 aukist um 5,1% frá upphafi samningalotunnar. Á almennum vinnumarkaði var kaupmáttaraukningin á þessu tímabili, þ.e. frá janúar 2024 til júní 2025, 4,9%, hjá ríki um 5,2%, hjá Reykjavíkurborg jókst kaupmáttur um 5,9% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 7,2%.

Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 889 þúsund krónur í maí 2025 og miðgildi var 807 þúsund krónur. Meðaltal grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna voru hæst á almennum markaði í maí 2025, þar á eftir hjá ríkinu og lægst hjá sveitarfélögum. Þegar miðgildi er skoðað eru grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun hins vegar hæst hjá ríkinu. Meiri munur á meðaltali og miðgildi á almennum vinnumarkaði en á opinberum markaði endurspeglar meira vægi hærri launa á almenna markaðnum. Þetta á við um ríkið, sveitarfélög án Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg.


3.2. Launaþróun

Launaumfjöllun í skýrslum KTN byggir á launagögnum frá Hagstofu Íslands, sem safnar mánaðarlegum upplýsingum um launagreiðslur frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum þar sem starfa tíu eða fleiri.¹ Á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar fyrir meginþorra launafólks gildi í febrúar 2024 og komu fyrstu hækkarnir vegna þeirra til útborgunar í mars. Í kjölfarið hækkaði launavísitalan um 2,4%, sjá mynd 3.1. Áhrif nýrra samninga, einkum á opinberum markaði, héldu áfram að birtast í hækkun launavísitölunnar út árið 2024 og inn á fyrstu mánuði ársins 2025.

Í janúar 2025 var önnur kjarasamningsbundin launahækkun á almennum vinnumarkaði og hækkaði launavísitalan í mánuðinum um 3,1%. Á tímabilinu frá febrúar 2024 til október 2025 hækkaði launavísitalan samtals um 12,9%. Á tímabilinu voru einnig tvær kjarasamningsbundnar hækkarnir á opinberum vinnumarkaði, sú síðari í apríl 2025. Nýjasta mæling launavísitölu í þessari skýrslu KTN nær til október 2025 en þá voru komnir á nýir kjarasamningar fyrir nær allan vinnumarkaðinn.

1 Nánari skýringar á gögnum og launahugtökum eru í viðauka II og III.

Mynd 3.1. *Breyting launavísitölu og vísitölu grunnlauna frá febrúar 2024 til október 2025 (vísitala febrúar 2024 = 100)*




Heimildir: Hagstofa Íslands.

KTN greinir launaþróun fyrir almennan vinnumarkað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög út frá launagögnum Hagstofu Íslands og ná nýjustu upplýsingar í því niðurbroti til júní 2025, en á tímabilinu febrúar 2024 til júní 2025 hækkaði launavísitala um 12%. Umsamdar almennar launahækkunar voru á bilinu 3,25%–3,5% og lágmarkshækkun 23.750 krónur, sem skilar hlutfallslega meiri hækkun á lægri laun. Launastig eftir mörkuðum er að meðaltali lægst hjá sveitarfélögunum. Í kjölfar kjarasamninga hækkaði grunntímakaup á almennum vinnumarkaði um 3,3%, en sá mælikvarði endurspeglar best umsamdar launahækkunar í kjarasamningum. Áhrif samninganna héldu áfram að koma fram í hækkun grunnlauna á næstu mánuðum. Í janúar 2025 var önnur hækkun samninga á almennum markaði, en þá hækkaði vísitala grunntímakaups á almennum vinnumarkaði um 3,5%, sjá mynd 3.2.

Á opinberum markaði losnuðu samningar flestra hópa í lok mars 2024 og voru fyrstu kjarasamningar undirritaðir í júní og júlí sama ár. Þetta endurspeglast í hækkun grunntímakaups milli maí og júlí, um 1,9% hjá ríkinu og um 1,8% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar. Hjá Reykjavíkurborg komu fyrstu samningar til framkvæmda í júlí 2024 en þá hækkaði grunntímakaup hjá starfsfólki borgarinnar um 2,6%. Önnur hækkun á opinberum markaði kom til framkvæmda í mars og apríl 2025 þegar grunntímakaup hækkaði um 5,3% hjá ríkinu, 6,6% hjá Reykjavíkurborg og 7,4% hjá öðrum sveitarfélögum.


Mynd 3.2. *Vísitala grunntímaþs (vinstri) og reglulegs tímaþs (hægri) frá febrúar 2024 til júní 2025 (vísitala, febrúar 2024 = 100)*



Heimildir: Hagstofa Íslands.

Á mynd 3.3 má sjá launahækkunar eftir mörkuðum á tímabilinu frá febrúar 2024 til júní 2025. Lítill munur var á heildarhækkunum á almennum markaði og hjá ríkinu á umræddu tímabili en hækkunin var 11,9% á almennum markaði og 12,2% hjá ríki. Laun hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur og hjá Reykjavíkurborg hækkuðu hins vegar 1–2 prósentustigum meira en á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu.

Mynd 3.3. *Breyting á launavísitölu grunntímaþs og vísitölu reglulegs tímaþs frá febrúar 2024 til júní 2025*



Heimildir: Hagstofa Íslands.

Launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Frá febrúar 2024 til júní 2025 hækkaði grunntímaþs á almennum vinnumarkaði, þar sem tvær samningsbundnar hækkanir urðu á tímabilinu auk kauptaxtaauka, um 12,1%. Á almenna markaðnum hækkaði grunntímaþs mest hjá verkafólki innan ASÍ og hjá launafólki innan BSRB, sem einkum starfar hjá fyrirtækjum í opinberri eigu sem

SA fer með samningsumboð fyrir. Hjá félagsfólki innan ASÍ var hækkunin meiri meðal verkafólks en hjá verslunar- og skrifstofufólki (LÍV/VR) og iðn- og tæknifólki, vegna ákvæða í kjarasamningum um lágmarks krónutöluhækkanir. Hjá verkafólki hækkaði grunntímakaup um 13,2% á tímabilinu og um 13,1% hjá aðildarfélögum BSRB sem semja við SA. Grunntímakaup hjá verslunar- og skrifstofufólki (VR/LÍV) hækkaði um 11,6% og hjá iðn- og tæknifólki um 11,5%.

Á opinbera markaðnum komu tvær kjarasamningsbundnar launhækkanir til framkvæmda á tímabilinu febrúar 2024 til júní 2025. Hjá launafólki innan ASÍ sem starfar á opinbera markaðnum voru hækkanir á grunntímakaupi á bilinu 11,2%–12,3% frá febrúar 2024 til júní 2025. Hjá félagsfólki aðildarfélaga BSRB á opinbera markaðnum námu hækkanir á grunntímakaupi á sama tímabili 11,2%–12,0% og hjá aðildarfélögum BHM 10,2%–11,1%.

Kjarasamningar allra aðildarfélaga KÍ við sveitarfélög og ríki eru frábrugðnir öðrum samningum sem gerðir voru í lotunni. Samningurinn byggir á innanhússtillögu ríkissáttasemjara sem felur í sér að kjarasamningar aðila framlengjast til 31. mars 2028. Tillaga felur í sér að unnið verði að gerð virðismatskerfis sem lagt verði til grundvallar launasetningu kennara. Innanhússtillagan fól í sér 3,95% upphafshækkun eða að lágmarki hækkun um 23.750 kr. og 3,5% hækkun 1. apríl árin 2025 til 2027. Til viðbótar kom til innaborgunar 1. febrúar 2025 vegna virðismats sem nam 8% hjá sveitarfélögum en 3,5% hjá ríki. Á tímabilinu frá febrúar 2024 til júní 2025 hækkuðu laun félagsmanna KÍ hjá ríkinu um 12,5%, hjá Reykjavíkurborg um 17,6% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar um 19,0%. Nánar er fjallað um samninginn í vorskýrslu kjaratölfræðinefndar 2025.

Mynd 3.4. *Breyting grunntímakaups frá febrúar 2024 til júní 2025 eftir mörkuðum og heildarsamtökum*




Skýringar: Verkaþólk innan ASÍ er launafólk sem er innan Eflingar og SGS. Alls vísar til alls launafólks á tilteknum markaði, einnig þeirra sem ekki eru í ofangreindum heildarsamtökum. Hjá ríkinu er umtalsverður hluti starfsfólks í stéttarfélagi sem ekki er hluti af ASÍ, BHM, BSRB eða KÍ. Vægi þeirra í vísitölu grunntímakaups hjá ríkinu er 26%. Heimildir: Hagstofa Íslands.

3.3. Kaupmáttur launa

Dregið hefur úr verðbólgu frá því kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir. Í febrúar 2024 var verðbólga 6,6%, en var komin niður í 4,2% ári síðar og hefur haldist nær óbreytt síðan. Það sem af er samningalotunni, frá febrúar 2024 til júní 2025, hækkaði grunntímakaup á vinnumarkaðnum öllum um 12,1%, en á sama tíma hækkaði almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs um 6,7%. Kaupmáttur grunntímakaups hefur því heilt yfir hækkað um 5,1% það sem af er samningalotunni. Hækkanir voru meiri hjá sveitarfélögum en á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu.

Mynd 3.5. *Breyting á kaupmætti grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júní 2025*




Heimildir: Hagstofa Íslands.

3.4. Vægi markaða og heildarsamtaka

Ólíkt vægi heildarsamtaka og markaða gerir það að verkum að hópar hafa mismikil áhrif á launaþróun og launastig vinnumarkaðarins í heild. Félagsfólk aðildarféлага ASÍ vegur alls tæplega helming í gagnasafni Hagstofu Íslands fyrir vísitölu grunntímakaups. Félagsfólk í aðildarfélögum BHM, BSRB og KÍ vegur samanlagt rúman fjórðung í vísitölunni, félagsmenn stéttarféлага sem ekki eru hluti af heildarsamtökunum fjórum vega tæplega fjórðung og launafólk utan stéttarféлага um 6%.

Vægi heildarsamtaka eftir mörkuðum í vísitölu grunntímakaups er sýnt á mynd 3.6. Félagsfólk stéttarféлага innan ASÍ vegur mest í vísitölu grunntímakaups á almennum vinnumarkaði (62%). Félagsmenn BHM vega mest hjá ríkinu, eða um þriðjung. Hjá Reykjavíkurborg vegur BSRB mest (37%) og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur vegur KÍ mest (39%).

Mynd 3.6. Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum og heildarsamtökum í maí 2025



Heimildir: Hagstofa Íslands.

Á almennum vinnumarkaði er ríflega fimmtungur launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Þar af eru fjórir af hverjum fimm úr röðum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Verkfræðingafélags Íslands, Félags íslenskra atvinnuflugmanna eða Flugvirkjafélags Íslands. Hjá ríki er um fjórðungur launafólks félagar í stéttarfélögum utan heildarsamtaka, flestir í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða Læknafélagi Íslands. Hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum er mjög lágt hlutfall launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Af þeim sem eru utan heildarsamtaka eru rúmlega fjórir af hverjum fimm félagsmenn í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Verkfræðingafélagi Íslands.

Hluti launafólks á íslenskum vinnumarkaði er utan stéttarféлага. Á opinberum markaði ber helst að nefna þá sem ekki gera kjarasamninga, svo sem forstöðumenn stofnana, dómara, alþingismenn, yfirstjórnir sveitarféлага og stundakennara í háskólum. Á almennum vinnumarkaði eru það helst stjórnendur og sérfræðingar sem eru utan stéttarféлага.

3.5. Launastig

Umfjöllun KTN um launastig byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Fjallað er um grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun launafólks í fullu starfi og tekur umfjöllunin nú til launastigs í maí 2025. Í síðustu skýrslu nefndarinnar (Vorskýrslu 2025) var fjallað um meðaltal alls ársins 2024. Kosturinn við ársmeðaltöl er að þau jafna út áhrif árstíðarsveiflna og óreglu í yfirvinnugreiðslum og launaaukum, sem geta verið breytileg á milli mánaða. Við samanburð milli einstakra markaða og heildarsamtaka er rétt að hafa í huga að samsetning með tilliti til starfa er mismunandi. Þannig er til dæmis hærra hlutfall stjórnenda og sérfræðinga hjá ríkinu en hjá almennum markaði eða sveitarfélögum og verkafólk starfar flest á almenna markaðnum.

Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 889 þúsund krónur í maí 2025. Meðaltal grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna er hæst á almennum markaði, næsthæst hjá ríkinu en lægst hjá sveitarfélögum. Regluleg heildarlaun á almennum markaði eru 4% hærri en hjá ríkinu og 18%–19% hærri en hjá sveitarfélögum.

Ef horft er til vinnumarkaðarins í heild var miðgildi reglulegra launa 807 þúsund krónur í maí 2025. Miðgildi launa var hæst hjá ríkinu, hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna. Miðgildi reglulegra launa hjá ríkinu var 7% hærri en á almennum markaði, 7% hærri en hjá Reykjavíkurborg og 9% hærri en hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar, sjá mynd 3.8.

Regluleg heildarlaun eru samsett úr grunnlaunum, launaaukum og yfirvinnugreiðslum.² Vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum á vinnumarkaðnum öllum var 84% og lítill munur á hlutfallinu milli markaða, sjá mynd 3.7.


Við samanburð á launum á milli markaða og heildarsamtaka er gott að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða þar sem almennt tíðkast að greiða fasta yfirvinnu, er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilvikum eru þær greiðslur hluti af reglulegum launum.

Þegar samsetning launa er borin saman eftir heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum má sjá að vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum í maí 2025 er hlutfallslega mest meðal félagsmanna BHM sem starfa á almennum markaði (98%), en minnst hjá verkafólki innan ASÍ sem starfar á almennum markaði (70%).

Hjá hinu opinbera eru áhrif launaauka á regluleg heildarlaun nær engin hjá félagsmönnum innan raða KÍ sem starfa hjá ríkinu, en yfirvinnugreiðslur vega hins vegar þyngst hjá launafólki innan KÍ sem starfar hjá ríkinu eða 19% af reglulegum heildarlaunum í maí 2025. Í maí 2025 höfðu yfirvinnugreiðslur minnst vægi í reglulegum heildarlaunum félagsmanna í aðildarfélögum BHM sem starfa á almennum markaði og hjá Reykjavíkurborg (1%), sjá mynd 3.7.

2 Nánari skilgreiningar á launahugtökum eru í viðauka II.

Mynd 3.7. Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2025 eftir heildarsamtökum og mörkuðum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna



Heimildir: Hagstofa Íslands.

3.6. Launadreifing


Dreifing launa er nokkuð ólík eftir mörkuðum og samningssviðum. Spönn launa á almenna markaðnum er mun meiri en hjá hinu opinbera og vægi hærri launa er einnig meira, sem endurspeglast t.a.m. í því að á almennum markaði er meiri munur á meðaltali og miðgildi launa³, hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna. Dreifing launa út frá svokölluðum tíundastuðlum, sem segja til um hlutfall launa við efstu tíundamörk (90%) á móti launum við neðstu tíundamörk (10%), er einnig mest á almennum markaði.⁴ Hærri stuðull endurspeglar að launadreifing sé meiri.

Við samanburð á launadreifingu milli markaða er rétt að hafa í huga að stærð almenna markaðarins er ríflega tvöföld á við opinbera markaðinn í heild varðandi vægi í launavísitölunni. Auk þess eru atvinnugreinar og störf margbreytilegri á almenna markaðnum en hjá ríki og sveitarfélögum, sem skýrir að hluta meiri launadreifingu.

3 Miðgildi er laun þess einstaklings sem 50% einstaklinga hafa lægri laun.

4 Neðsta tíundarmarkið eru laun þess einstaklings sem 10% einstaklinga hafa lægri laun og efsta tíundarmarkið eru laun þess einstaklings sem 10% einstaklinga hafa hærri laun.

Mynd 3.8. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Skýringar: 10% einstaklinga eru með laun lægri en 10% mörkin, 25% einstaklinga eru með laun lægri en 25% mörkin o.s.frv.

Heimildir: Hagstofa Íslands.

Tíundastuðull reglulegra heildarlauna á almennum markaði var 2,38 í maí 2025, sem þýðir að efstu tíundamörkin eru 138% hærri en neðstu tíundamörkin, sjá töflu 3.1. Mestur munur er á efstu tíundamörkum í hlutfalli við miðgildi launa á almennum markaði. Hins vegar er munurinn á neðstu tíundamörkum og miðgildi launa sambærilegur á almennum markaði og hjá hinu opinbera. Mikla launadreifingu á almennum markaði má því einkum rekja til þess að launahærri einstaklingar eru á hlutfallslega háum launum.

Þegar launadreifing er rýnd eftir mörkuðum kemur fram að hún var næstmest hjá ríkinu og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar, þar sem tíundastuðull reglulegra heildarlauna var um 2,04, sem þýðir að efstu tíundamörk reglulegra heildarlauna séu um 104% hærri en neðstu tíundamörk. Munur hæstu og lægstu launa var minnstur hjá Reykjavíkurborg, þar sem efstu tíundamörk reglulegra heildarlauna eru 96% hærri en neðstu tíundamörk.

Tafla 3.1. *Tíundastuðull launa eftir mörkuðum í maí 2025*

	Alls	Almennur markaður	Ríki	Reykjavíkurborg	Sveitarfélög án Rvk.
Grunnlaun	2,51	2,89	1,92	1,73	1,79
Regluleg laun	2,30	2,56	1,75	1,87	1,90
Regluleg heildarlaun	2,38	2,50	1,98	1,96	2,04

4. Kjarasamningar

4.1. Samantekt


Í yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024 hafa nú verið undirritaðir kjarasamningar fyrir allflest launafólk. Í heildina má áætla að gerðir hafi verið nærri 260 kjarasamningar á vettvangi þeirra aðila sem aðild eiga að kjaratölfræðinefnd í núverandi samningalotu, sem hófst í febrúar 2024, og var félagsfólk á kjörskrá stéttarféлага í þessum samningum um 190.000.¹ Þar af hafa 208 samningar verið gerðir á samningssviði SA, ríkisins, sveitarféлага og Reykjavíkurborgar fyrir um 180.000 manns. Áætla má að ólokið sé ríflega 20 kjarasamningum í þessari samningalotu fyrir rúmlega 3.000 manns, sem er um 1–2% launafólks.

4.2. Helstu kjarasamningar í kjaralotunni

Í kjarasamningslotunni sem nú stendur yfir og hófst í febrúar 2024 hafa verið undirritaðir kjarasamningar fyrir allflest launafólk, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Hjá sveitarfélögum hefur verið gengið frá samningum við öll stéttarfélög. Nær allir samningar sem gerðir hafa verið í lotunni eru til fjögurra ára og gilda flestir samningar á almennum markaði til loka janúar 2028 og samningar á opinberum markaði út marsmánuð sama ár.

Alls má áætla að gerðir hafi verið 260 kjarasamningar á vettvangi þeirra aðila sem aðild eiga að kjaratölfræðinefnd í núverandi samningalotu, sem hófst í febrúar 2024, og var félagsfólk á kjörskrá stéttarféлага í atkvæðagreiðslum um þessa samninga um 190.000.

Mynd 4.1. *Fjöldi samþykktra kjarasamninga (vinstri) og fjöldi launamanna á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samþykktu kjarasamninga (hægri) eftir launagreiðendum og heildarsamtökum*




Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

- Við talningu á fjölda kjarasamninga miðar KTN nú við fjölda atkvæðagreiðslna sem fram fara um samninga. Þegar félög hafa samflot í samningum og atkvæðagreiðslu líkt og t.a.m. 17 SGS félög gerðu í samningum við SA og öll félög KÍ í samningum við ríki og sveitarfélög í þessari lotu, telst það sem einn kjarasamningur þar sem öll félög innan samflotsins eru bundin af sameiginlegri niðurstöðu atkvæðagreiðslu. Þegar lagt er mat á þann fjölda launamanna sem samningarnir ná til er miðað við fjölda sem er á kjörskrá stéttarféлага þegar kosið er um samninginn. Algennt er að félög hafi samflot í samningaviðræðum og kjarasamningsgerð en greiði atkvæði hvert í sínu lagi og teljast það því margir samningar. Hafa þarf í huga þegar skýrslur KTN eru skoðaðar aftur í tímann að samflot í viðræðum og atkvæðagreiðslum félaga er breytilegt milli samningalota.

Í byrjun nóvember 2025 höfðu Samtök atvinnulífsins gert 111 kjarasamninga í þessari samningalotu, þar sem um 123.000 launamenn voru á kjörskrá, ríkið hafði lokið 39 kjarasamningum fyrir ríflega 22.000 manns, samninganefnd sveitarfélaga 40 samningum fyrir um 15.400 manns, og Reykjavíkurborg 18 samningum fyrir um 9.300 manns. Að auki gerðu ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg einn sameiginlegan kjarasamning við öll aðildarfélög KÍ, sem nær til um 11.100 manns. Samtals hafa þessir aðilar (Samtök atvinnulífsins, ríki, samninganefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg) því lokið við gerð 209 kjarasamninga, þar sem um 181.000 manns voru á kjörskrá. Í byrjun nóvember má áætla að ólokið sé ríflega 20 kjarasamningum fyrir rúmlega 3.000 manns, sem er um 1–2% launafólks sem aðilar semja fyrir.

Á mynd 4.2 má sjá tímalínu yfir fjölda undirritaðra kjarasamninga eftir mörkuðum frá upphafi samningalotunnar, þegar fyrstu samningar voru undirritaðir í mars 2024, og fjölda launamanna sem voru á kjörskrá í þeim samningum. Þar má sjá að gengið var frá flestum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði á tímabilinu frá mars og fram í júní 2024 og meginþorri samninga á opinberum markaði var undirritaður á síðari hluta þess árs. Síðasti stóri samningurinn sem gerður var í lotunni var sameiginlegur samningur ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög KÍ.

Mynd 4.2. Tímalína kjarasamninga. Fjöldi undirritaðra kjarasamninga (vinstri) og fjöldi launamanna á kjörskrá samþykkttra kjarasamninga (hægri) eftir launagreiðendum, mars 2024–október 2025



Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

Það sem af þessari samningalotu hefur 100 kjaradeilum verið vísað til ríkissáttasemjara, en að baki hverju máli eru í mörgum tilvikum fleiri en eitt stéttarfélag í samfloti. Af þessum málum er 82 lokið með kjarasamningi, en 5 mál eru enn á borði ríkissáttasemjara. Verkföll voru boðuð í 4 tilvikum, en samið var áður en til þeirra kom. Til verkfallsaðgerða kom meðal aðildarfélaga Kennarasambands Íslands í 33 skólum á tímabilinu október 2024–febrúar 2025.

4.2.1. Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa í yfirstandandi kjaralotu gert 111 kjarasamninga, sem ná til nær alls launafólks sem starfar á samningasviði SA. Samningar voru gerðir við 33 stéttarfélög innan ASÍ með undirritun þriggja kjarasamninga í mars 2024. Þá hafa verið undirritaðir 24 almennir kjarasamningar og 42 kjarasamningar fyrir hönd einstakra fyrirtækja við félög innan ASÍ. SA hefur í lotunni gert 14 samninga við félög innan BSRB, sem allir eru vegna fyrirtækja í opinberri eigu, og 6 samninga við félög innan BHM sem greidd hafa verið atkvæði um, en þar að auki hafa ótímabundnir kjarasamningar verið endurnýjaðir án þess að um þá hafi verið greidd atkvæði. Þá hefur verið gerður einn kjarasamningur á samningssviði SA við félag innan KÍ og 21 kjarasamningur við stéttarfélög utan heildarsamtaka.


Í byrjun nóvember 2025 voru í kringum 10 kjarasamningar á samningssviði SA enn lausir sem áætla má að nái til ríflega 2 þúsund manns og má þar helst nefna samninga við verkfræðinga og samninga í fluggeiranum, en stórir samningar í fluggeiranum losnuðu á seinni hluta ársins 2025, en þar að auki losna fleiri samningar í þeim geira í lok árs 2025. Kjarasamningur Rio Tinto Alcan gildir til ársloka 2026.

Samningar SA við félög innan ASÍ

SA hefur í samningalotunni gert samtals 69 kjarasamninga við félög innan ASÍ þar sem um 108.500 manns voru á kjörskrá. Þar af eru þrír stórir samningar sem ná til um 81.000 manns, eða um 75% launafólks á samningssviðinu, þ.e. samningur við aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands (SGS) sem nær til ríflega 21.000 launamanna, samningur við Eflingu fyrir ríflega 20.000 manns og samningur við VR þar sem um 39.600 manns voru á kjörskrá.

Fjórði fjölmennasti kjarasamningurinn á samningssviði ASÍ og SA var samningur Félags iðn- og tæknigreina (FIT), þar sem um 4.600 launamenn voru á kjörskrá. Mun færri voru á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um aðra samninga en SA hefur gert 23 aðra almenna kjarasamninga við félög innan ASÍ sem ná samtals til um 19.700 manns, og 42 kjarasamninga vegna einstakra fyrirtækja þar sem samtals voru um 3.100 manns á kjörskrá.

Mynd 4.3 *Fjöldi launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga á samningssviði SA og ASÍ félaga í samningalotunni*



Heimildir: Kjaratölfræðinefnd.

Kjarasamningar voru undirritaðir í mars 2024 fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði með gildistíma frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028 og var farin blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana. Meginmarkmið samninganna er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í kjarasamningum verkafólks (SGS og Efling) við SA var samið um árlegar hækkanir virkra kauptaxta á bilinu 23.750–26.773 krónur. Í samningum verkafólks, verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) og stéttarfélaga iðnaðar- og tæknifólks við SA var samið um 3,25%–3,5% almenna launahækkun árlega, eða að lágmarki 23.750 krónur. Virkir kauptaxtar í aðalkjarasamningum á almennum markaði hækka í flestum tilvikum á bilinu 4,6%–5,9% á ári út samningstímann. Að auki er í samningum ASÍ félaga og SA kveðið á um greiðslu svonefnds kauptaxtaauka ef kauptaxtar aðalkjarasamninga SGS og Eflingar hækka minna en hækkun launavísitölu á almennum markaði á samningstímanum², og sérstaks framleiðniauka sem kemur til greiðslu ef framleiðni eykst umfram 2% árlega á tímabilinu 2024–2026 og uppsafnaður hagvöxtur er jákvæður. Þá var samið um lengingu orlofs auk ýmissa sértækra þátta fyrir tiltekna hópa. Nánar er fjallað um kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og SA og forsenduákvæði samninganna í haustskýrslu KTN 2024.

2 Kauptaxtaauki virkjaðist í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá og með 1. apríl 2025, sjá rammagrein í vorskýrslu kjaratölfræðinefndar 2025.


Rammagrein 1 – Forsenduákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Forsendunefnd ASÍ og SA komsaman þann 29. september 2025 til að leggja mat á forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og að lagabreytingar, sem fram koma í yfirlýsingu ríkisstjórnar sem gefin var út í tengslum við samningana, hafi náð fram að ganga. Mat forsendunefndar skipuð fulltrúum ASÍ og SA er að forsendur hafi staðist. Nefndin mun næst leggja mat á forsendur samninganna í september 2026. Verðbólga reyndist 3,8% í ágúst 2025 og stóðust því forsendur um að vera undir 4,95% í mánuðinum. Forsenda um verðlag í ágúst 2026 er að verðbólga sé ekki yfir 4,7%, en telst þó hafa staðist ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars–ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða.

Samningar SA við félög innan BHM, BSRB, KÍ og félög utan heildarsamtaka

SA hefur í þessari samningalotu gert 42 kjarasamninga, bæði almenna samninga og kjarasamninga vegna einstakra fyrirtækja, við félög innan BHM, BSRB, KÍ og stéttarfélög sem standa utan heildarsamtaka, en um 15.000 manns voru samtals á kjörskrá í þessum samningum og skiptast þeir samkvæmt eftirfarandi.

Mynd 4.4. Fjöldi á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga á samningssviði SA við aðildarfélög BSRB, BHM, KÍ og félög utan heildarsamtaka



Heimildir: Kjaratölfræðinefnd.

Í byrjun nóvember 2025 höfðu 14 kjarasamningar verið gerðir við aðildarfélög BSRB fyrir hönd félaga í opinberri eigu, en um 1.600 launamenn voru á kjörskrá í þessum samningum. Þá hefur SA gert 6 kjarasamninga við aðildarfélög BHM fyrir um 100 manns sem greidd voru atkvæði um, en þar að auki hafa ótímabundnir kjarasamningar við félög innan BHM verið teknir upp og endurnýjaðir án þess að um þá hafi verið greidd atkvæði. Einn kjarasamningur var gerður á samningssviði SA við aðildarfélag innan KÍ fyrir um 350 manns. Að auki hefur SA gert 21 kjarasamninga við félög sem standa utan heildarsamtaka fyrir samtals um 13.000 manns. Samningarnir sem gerðir hafa verið eru flestir langtímasamningar til fjögurra ára og fylgja kjarabætur fordæmi samninganna á almennum markaði. Að auki hafa þrír ótímabundnir réttindasamningar SA við félög utan heildarsamtaka verið endurnýjaðir.

Samningar SA vegna einstakra fyrirtækja

Kjarasamningar SA vegna einstakra fyrirtækja eru margir hverjir gerðir fyrir hönd fyrrverandi ríkisfyrirtækja sem voru með kjarasamninga við félög innan BSRB og BHM og eru nú á almennum vinnumarkaði sem opinber hlutafélög, en þar að auki eru kjarasamningar gerðir fyrir hönd nokkurs fjölda annarra fyrirtækja á samningssviði SA. Í dag gerir SA kjarasamninga við stéttarfélög innan allra heildarsamtaka.

Í byrjun nóvember 2025 hafði SA gert 73 kjarasamninga fyrir hönd einstakra aðildarfyrirtækja sinna. Alls voru um 5.500 manns á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um þessa kjarasamninga. 10 slíkum samningum er ólokið. Áætla má að þeir samningar sem ná til ríflega 2.000 launamanna, m.a. félagsmanna Verkfræðingafélags Íslands og Félags íslenskra flugumferðastjóra vegna Isavia og kjarasamninga í fluggeiranum.

4.2.2. Kjarasamningar ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar

Kjarasamningar á opinberum markaði runnu flestir út í lok mars 2024 og hófst samningalotan þar í kjölfar undirritunar samninga á almennum markaði þá um vorið. Samningum er lokið við nær allt launafólk hjá ríkinu og hefur verið lokið við allt launafólk hjá sveitarfélögum í þessari samningalotu með 39 kjarasamningum ríkisins, 40 samningum samninganefndar sveitarfélaganna og 18 samningum Reykjavíkurborgar, auk eins sameiginlegs kjarasamnings ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög Kennarasambandsins, sem undirritaður var í lok febrúar árið 2025. Alls voru tæplega 58.000 manns á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samninga á opinberum vinnumarkaði.

Launahækkarnir hjá ríki og sveitarfélögum eru almennt sambærilegar þeim á almenna markaðnum, auk þess sem vinnutímabreytingar voru skrifaðar inn í kjarasamninginn, sbr. rammagrein 2 í haustskýrslu KTN 2024. Þá var á opinberum markaði samið um sérstakan launatöfluauka til að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði. Launatöfluauki kom til framkvæmda í september 2025, sjá rammagrein 2.

Í byrjun nóvember 2025 var 16 kjarasamningum enn ólokið á vettvangi ríkisins en búið er að semja við öll stéttarfélög á samningssviði sveitarfélaganna og hjá Reykjavíkurborg. Samtals má áætla að þeir samningar sem ólokið er á opinberum vinnumarkaði ná til um 1.000 manns.


Rammagrein 2 – Launatöfluauki

Á opinberum markaði var samið um sérstakan launatöfluauka til að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði. Á gildistíma kjarasamningsins skal þrisvar sinnum kanna þróun launakostnaðar milli markaða. Við matið er horft til þróunar tímakaups samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands og annars kostnaðar sem samið er um, svo sem hækkunar iðgjalda og breytinga á vinnufyrirkomulagi. Ef launakostnaður samanburðarhóps á almennum markaði vex hraðar en hjá viðkomandi hópi á opinbera markaðnum getur launatöfluauki virkjast og hækka þá grunnlaun hópsins á opinbera markaðnum frá 1. september árin 2025, 2026 og 2027.

Samanburðarhópar á almennum vinnumarkaði eru tilgreindir út frá starfaflokkun Hagstofu Íslands og eru breytilegir eftir heildarsamtökum. Hjá launafólki innan BHM og KÍ er miðað við sérfræðinga á almennum vinnumarkaði. Hjá BSRB og ASÍ er að mestu leyti miðað við þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk og verkafólk. Launatöfluauki kemur til framkvæmda ef þróun launakostnaðar hlutaðeigandi heildarsamtaka er lakari en hjá samanburðarhópi á almennum vinnumarkaði.

Nefnd um launatöfluauka hefur komist að þeirri niðurstöðu að launatöfluauki hafi virkjast í kjarasamningum sem ríkið hefur gert við stéttarfélög innan BHM og BSRB.. Hjá launafólki innan BHM sem starfar hjá ríkinu hækka launatöflur um 1,24% og hjá launafólki innan BSRB sem starfar hjá ríkinu hækka launatöflur um 0,75%. Hækkunin gildi frá 1. september 2025. Launatöflur annarra félaga breyttust ekki.

Mynd 4.5. *Fjöldi á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga á samningssviði ríkis, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar*



Heimildir: Kjaratölfræðinefnd.

Samningar aðildarfélaga BSRB við ríki og sveitarfélög

Öllum samningum á vegum BSRB við ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélög er lokið í núverandi kjarasamningslotu. Flest aðildarfélög BSRB luku samningum við ríki, sveitarfélög, Reykjavíkurborg, félög í eigu hins opinbera og sjálfseignarstofnanir á tímabilinu frá júní–desember 2024. Alls hafa aðildarfélög BSRB gert 15 kjarasamninga við ríkið í þessari samningalotu fyrir um 8.600 manns, 17 samninga við samninganefnd sveitarfélaga (SNS) fyrir um 7.200 manns og tvo samninga við Reykjavíkurborg fyrir um 5.700 manns.

Samningar aðildarfélaga BHM við ríki og sveitarfélög

Flest aðildarfélög BHM luku samningum við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg á síðustu mánuðum ársins 2024 og snemma árs 2025. Alls hafa aðildarfélög BHM gert 21 kjarasamning við ríkið í þessari samningalotu fyrir um 7.300 manns, 10 samninga við SNS fyrir um 2.500 manns og 9 samninga við Reykjavíkurborg fyrir um tæplega 1.000 manns.

Í byrjun nóvember árið 2025 stóð aðeins einn samningur aðildarfélaga BHM við ríkið eftir, við leikmynda- og búningahöfunda innan Félags íslenskra leikara í sviðslistum og kvikmyndum. Öllum kjarasamningum við sveitarfélög og Reykjavíkurborg er lokið.

Samningar aðildarfélaga KÍ við ríki og sveitarfélög

Sameiginlegur samningur ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög Kennarasambands Íslands var undirritaður í lok febrúar 2025 og gildir til loka mars 2028. Samningurinn tekur til rúmlega 11.100 félagsmanna KÍ, en eldri samningar aðildarfélaganna runnu út á tímabilinu 31. mars–31. maí 2024. Nánar er fjallað um samninginn í vorskýrslu kjaratölfræðinefndar 2025.

Samningar aðildarfélaga ASÍ við ríki og sveitarfélög

Gengið hefur verið frá samningum fyrir nær allt launafólk innan raða ASÍ sem starfar hjá hinu opinbera. Alls hafa aðildarfélög innan ASÍ í samningalotunni gert 4 samninga við ríkið fyrir um 1.800 manns, 9 samninga við SNS, sem ná til um 5.500 manns, og 3 samninga við Reykjavíkurborg fyrir um 2.400 manns. Samningarnir gilda allir afturvirkir frá 1. apríl 2024–31. mars 2028 og fylgja launahækkarnir samningum sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði.

Í október 2024 undirrituðu Efling og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kjarasamning vegna um 2.300 manns sem starfa á hjúkrunarheimilum. Þeim samningi var sagt upp vorið 2025 sökum þess að forsenduákvæði varðandi samkomulag við stjórnvöld um mönnun hafði ekki verið mætt. Ríkissáttasemjari lagði fram innanhússtillögu í lok október til lausnar deilunni, sem samninganefndir beggja aðila sættust á.

Aðrir kjarasamningar

Af hópum sem standa utan heildarsamtaka má helst nefna að ríkið undirritaði kjarasamninga við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og við Læknafélag Íslands í nóvember 2024 og gilda báðir samningarnir til 31. mars 2028. Þá samdi Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga við sveitarfélög, Reykjavíkurborg og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu í nóvember og desember 2024.

Þá gera einstök stéttarfélög ýmsa kjarasamninga við einstaka fyrirtæki og stofnanir sem standa utan samtaka launagreiðenda og eru Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu þeirra stærst. Gerð er grein fyrir tölfræði um þessa samninga í töflum aftast í kaflanum undir heitinu Aðrir aðilar.

Samningar sjómanna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem verið höfðu lausir frá því í árslok 2019, voru undirritaðir í febrúar 2024, en áður höfðu sjómenn felld samning í febrúar 2023. Samningurinn er til 10 ára með uppsagnarmöguleika að fimm árum liðnum. Forsendur kjarasamningsins lúta að ákvæðum um skiptaverði og fyrirkomulag gjaldtöku í sjávarútvegi.

4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá

Við talningu á fjölda kjarasamninga miðar KTN nú við fjölda atkvæðagreiðslna. Þegar félög hafa samflot í samningum og atkvæðagreiðslu líkt og t.a.m. 17 SGS félög gerðu í samningum við SA og öll félög KÍ í samningum við ríki og sveitarfélög í þessari lotu, telst það vera einn kjarasamningur þar sem öll félög innan samflotsins eru bundin af niðurstöðu úr sameiginlegri atkvæðagreiðslu. Þegar lagt er mat á þann fjölda launamanna sem samningarnir ná til er miðað við fjölda sem er á kjörskrá stéttarfélaga þegar kosið er um samninginn. Algengt er að félög hafi samflot í samningaviðræðum og kjarasamningsgerð, en greiði atkvæði hvert í sínu lagi um samninginn og teljast það þá margir samningar. Hafa þarf í huga þegar skýrslur KTN eru skoðaðar aftur í tímann, að samflot í viðræðum og atkvæðagreiðslum félaga er breytilegt milli samningalota.

Tafla 4.1. Áætlaður fjöldi samþykktra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni (2024–2028)

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka
Samtök atvinnulífsins	69	6	14	1	21
Ríki	4	21	15		6
Reykjavíkurborg	3	9	2	1	4
Sveitarfélög	9	10	17		4
Aðrir aðilar	23	11	11	6	-
Samtals	108	52	57	8	35

Tafla 4.2. Fjöldi á kjörskrá samþykktra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni (2024–2028)

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka
Samtök atvinnulífsins	108.500	100	1.600	350	13.000
Ríki	1.800	7.300	8.600	11.100	4.300
Reykjavíkurborg	2.400	1.000	5.700		100
Sveitarfélög	5.500	2.500	7.200		200
Aðrir aðilar	5.600	550	1.700	350	-
Samtals	123.500	11.450	24.800	11.800	17.500


5. Laun eftir heildarsamtökum

5.1. Inngangur


Í kaflanum eru teknar saman upplýsingar úr skýrslunni um fjölda á kjörskrá í samþykktum kjarasamningum í núverandi kjarasamningslotu, ásamt dreifingu launa (grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun) í maí 2025 eftir mörkuðum og samsetningu reglulegra heildarlauna í maí 2025 eftir mörkuðum. Einnig er gerð grein fyrir breytingu grunntímakaups það sem af er núverandi kjarasamningslotu frá febrúar 2024 til júní 2025. Upplýsingar eru settar fram fyrir ASÍ í heild, auk iðn- og tæknifólks, verslunarfólks og verkafólks innan ASÍ, BHM, BSRB og KÍ.

5.2 ASÍ


Mynd 5.1. *Fjöldi á kjörskrám í samþykktum samningum ASÍ*




Mynd 5.2. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi hjá ASÍ í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.3. Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.4. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ í maí 2025, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna




Tafla 5.1. Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan ASÍ frá febrúar 2024 til júní 2025


		Alls	Karlar	Konur
Alls	Almenni	12,1%	11,9%	12,6%
Iðn- og tæknifólk	Almenni	11,5%	11,4%	13,0%
Verslunarfólk	Almenni	11,6%	11,3%	12,1%
Verkfólk	Almenni	13,2%	12,9%	14,0%
Alls	Ríki	11,2%	9,9%	12,0%
Alls	Reykjavík	11,9%	12,1%	11,8%
Alls	Sveit án Rvík	12,3%	12,3%	12,3%

5.3. BHM


Mynd 5.5. *Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BHM í núverandi kjarasamningslotu*




Mynd 5.6. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi innan BHM í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.7. Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan BHM í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.8. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan BHM í maí 2025, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna




Tafla 5.2. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan BHM frá febrúar 2024 til júní 2025*


	Alls	Karlar	Konur
Almenní	12,4%	12,6%	12,3%
Ríki	10,7%	10,4%	10,8%
Reykjavík	10,2%	10,3%	10,1%
Sveit án Rvík	11,1%	12,3%	10,8%

5.4. BSRB


Mynd 5.9. *Fjöldi á kjörskrá í samþykktum samningum BSRB í núverandi kjarasamningslotu*




Mynd 5.10. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi innan BSRB í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.11. *Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan BSRB í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.12. *Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BSRB í maí 2025, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna*




Tafla 5.3. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan BSRB frá febrúar 2024 til júní 2025*


	Alls	Karlar	Konur
Almenni	13,1%	13,3%	12,8%
Ríki	11,4%	11,2%	11,5%
Reykjavík	11,2%	11,1%	11,2%
Sveit án Rvík	12,0%	12,5%	11,8%

5.5. KÍ


Mynd 5.13. *Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum KÍ í núverandi kjarasamningslotu*




Mynd 5.14. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi innan KÍ í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.15. Dreifing grunnlauna og reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan KÍ í maí 2025 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.16. Samsetning reglulegra heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan KÍ í maí 2025, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna



	Alls	Karlar	Konur
Ríki	12,5%	12,6%	12,4%
Reykjavík	17,6%	18,1%	17,5%
Sveit án Rvk	19,0%	19,2%	18,9%

Viðauki I

Atvinnugreinaflokkunin

Í köflum 2–3 er efnahagsstarfsemi og vinnumarkaði skipt eftir atvinnugreinum. Atvinnugreinaflokkunin byggir á meðfylgjandi skiptingu.

Hjá opinbera:

- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)
- Fræðslustarfsemi (P)
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)

Iðnaður og byggingarstarfsemi:

- Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu (B)
- Framleiðsla (C)
- Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)
- Vatnsveitur, fráveitur, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E)
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F)

Ferðaþjónusta¹

- Flutningar og geymsla (H)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N)

Þjónusta án ferðaþjónustu:

- Upplýsingar og fjarskipti (J)
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi (K)
- Fasteignaviðskipti (L)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)
- Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota (S95)

Verslun:

- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)

Sjávarútvegur:

- Fiskveiðar og fiskeldi (A03)
- Fiskvinnsla (undir C10-12): Hagstofan birtir ekki vinnumagn sérstaklega fyrir fiskvinnslu. Á myndum 1.11 og 1.13 er fiskvinnsla skráð undir iðnaði og byggingarstarfsemi þar sem fiskvinnsla er undir framleiðslu (C). Á mynd 1.4 og er fiskvinnsla undir sjávarútvegi.

Annað:

- Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A), utan fiskveiðar og fiskeldi (A03)
- Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (R)
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi (S), utan viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota (S95)
- Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota (T)
- Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt (U)

1 Hér er byggt á víðari skilgreiningu á ferðaþjónustu en skilgreining Hagstofunnar á einkennandi greinum ferðaþjónustu.

Viðauki II

Gögn um laun og launaþróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið af aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup. Hagstofa Íslands gefur út vísitölu grunnlauna sem er sambærileg, en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tímakaupi. Gögn yfir launastig taka einungis til fullvinnandi, en launaþróun tekur til launaupplýsinga fullvinnandi og í hlutastarfi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og mörkuðum, sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnumarkaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Niðurstöður um Alþýðusamband Íslands á almennum vinnumarkaði nær til félagsfólks innan Starfsgreinasambandsins (SGS), Eflingar, Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsfólks stéttarféлага iðnaðarmanna innan ASÍ (ASÍ-iðnfélög). ASÍ-iðnfélög eru samböndin og félögin Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS. Jafnframt eru birtar niðurstöður fyrir þessa þrjá stóru hópa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. SGS, LÍV og ASÍ-iðnfélög.

Meginviðsemjendur stéttarféлага eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarféлага (Sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (Ríki). Aðildarfélög ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarféлага KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna. Launagögn byggja á launarannsókn Hagstofunnar, þar sem upplýsingum er safnað mánaðarlega með úrtaki fyrirtækja, sveitarféлага og stofnana með tíu eða fleira starfsfólk. Rannsóknin nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% af heildarfjölda launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsóknar. Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna [hér](#) (sjá bls. 11–22).

Gögn Hagstofu Íslands ná þannig einnig til félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarféлага, eru birt á vef kjaratölfræðinefndar www.ktn.is.

Viðauki II

Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Grunntímakaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.

Í þeim tilfellum þar sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum, en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldir í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilfellum þar sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum, en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið **Launaauki** er ný skilgreining kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmestar í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álag og bónusar.

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættu uppgjöri vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Viðauki IV

Skipulag íslensks vinnumarkaðar

Réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á íslenskum vinnumarkaði grundvallast aðallega á kjarasamningum sem byggðir eru ofan á lágmarksreglur í lögum. Samskiptareglur verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, t.d. er varða gildissvið kjarasamninga og vinnustöðvanir, byggja á settum lögum. Dómar Félagsdóms um brot, túlkun og gildi kjarasamninga og dómar Landsréttar og Hæstaréttar gegna jafnframt veigamiklu hlutverki. Frá því Ísland gerðist aðili að EES árið 1993 hafa flestar breytingar á löggjöf sem tengjast vinnumarkaði átt rætur sínar að rekja til tilskipana ESB og kjarasamninga heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á EES svæðinu.

Vinnumarkaðurinn á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað. Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem gilda um almennan vinnumarkað mæla fyrir um að laun og önnur starfskjör, sem aðilar vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Með svipuðum hætti fer á opinberum vinnumarkaði um gildissvið kjarasamninga, sbr. 7.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) eru heildarsamtök stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði. ASÍ skiptist í fimm landssambönd með 44 aðildarfélög og er félagsfólk um 147 þúsund. Þar af eru rúmlega 132 þúsund virk á vinnumarkaði.

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna, með 19 aðildarfélög og um 25 þúsund félagsmenn. Bandalag háskólamanna (BHM) eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði, með 24 aðildarfélög og rúmlega 18 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, með sjö aðildarfélög og um 12 þúsund félagsmenn.

Mynd III.1. Skipulag launafólks á vinnumarkaði

Heildarsamtök				Utan heildarsamtaka	Utan stéttarfélags
					
ASÍ Alþýðu- samband Íslands	BSRB Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	BHM Bandalag háskóla- manna	KÍ Kennara- samband Íslands	Stéttarfélag utan bandalaga	Launafólk utan stéttarfélags
44 aðildarfélög	19 aðildarfélög	24 aðildarfélög	7 aðildarfélög	~40 félög	
147.000 félagsmenn	25.000 félagsmenn	18.000 félagsmenn	12.000 félagsmenn		

Mynd III.2. *Skipulag atvinnurekenda á vinnumarkaði*

Heildarsamtök				Aðrir atvinnurekendur
				
Samtök atvinnulífsins	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavíkurborg	Samband íslenskra sveitarfélaga	Aðrir atvinnurekendur innan og utan samtaka
Yfir 2.000 fyrirtæki í 6 atvinnugreina-samtökum	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Mannauðs- og starfsumhverfssvið Reykjavíkurborgar	Fer með umboð fyrir flest sveitarfélög	10 samtök 8.000 atvinnurekendur eru utan samtaka
Um 70% launafólks á almennum markaði starfa hjá þessum fyrirtækjum	Semur við 82 stéttarfélög	Semur við 19 stéttarfélög	Semur við 58 stéttarfélög	Um 30% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa hjá þessum fyrirtækjum

Heildarsamtök launafólks halda utan um sameiginleg málefni aðildarfélaga og koma fram fyrir þeirra hönd. Rétturinn til að gera kjarasamninga liggur hjá hverju stéttarfélagi sem semur um kaup og önnur kjör en samningsumboðið er oft framselt til heildarsamtaka, eða að hópur félaga tekur sig saman og semur í sameiningu. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsfólk í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum, en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Helst eru þetta stéttarfélög háskólamenntaðra. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, auk stéttarfélaga ýmissa heilbrigðisstétta, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga. Ætla má að um 19 þúsund manns séu félagsmenn í stéttarfélögum utan heildarsamtaka.² Þessu til viðbótar er hópur launafólks sem stendur utan stéttarfélaga. Þeir sem teljast til þessa hóps semja beint við sinn vinnuveitenda eða taka laun samkvæmt lögum. Upplýsingar um bakgrunn þeirra eru af skörum skammti, en þarna er m.a. að finna kjörna fulltrúa, ráðherra, dómara, forstjóra og forstöðumenn og stundakennara í háskólum.

Helstu viðsemjendur stéttarfélaga eru Samtök atvinnulífsins, sem eru heildarsamtök atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekenda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna. Ætla má að samningar SA nái til um 70% alls launafólks á vinnumarkaðnum í heild sinni og til um 98% launafólks á almennum vinnumarkaði.³

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins (SNR) umboð sitt til að gera kjarasamninga. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar, sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur, að undanskildum samningum við Kennarasamband Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

2 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

3 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Lagaumhverfi kjarasamninga

Kjarasamningur er milli stéttarfélags og atvinnurekanda þar sem samið er um kaup og kjör sem nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssvæði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör og aðbúnað launafólks.

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögnum, en ekki heildarsamtökum stéttarfélaga nema samkvæmt umboði aðildarfélaga þeirra. Samkvæmt sömu lögum fara einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra með umboð til kjarasamninga.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti svipaðar reglur, en þar gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Þau gilda um þá starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögnum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Fjármála- og efnahagsráðherra fer að meginstefnu með samningsumboð fyrir ríkið og sveitarstjórnir fyrir einstaka sveitarfélag.

Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum á almennum og opinberum vinnumarkaði, en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd. Verkföll verða ekki ákveðin án sjálfstæðrar atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags. Á almennum vinnumarkaði fara einstakir atvinnurekendur og samtök þeirra með verkbannsrétt, en ekki er mælt fyrir um verkbannsrétt opinberra atvinnurekenda í lögum nr. 94/1986.

Hlutverk ríkissáttasemjara

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara og fer hann eftir það með stjórn viðræðna.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu, en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekanda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna. Áætla má að samningar SA nái til um 70% alls launafólks á vinnumarkaðnum í heild sinni og til um 98% launafólks á almennum vinnumarkaði.⁴

4 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins (SNR) umboð sitt til að gera kjarasamninga. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar, sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur, að undanskildum samningum við Kennarasamband Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

Lagaumhverfi kjarasamninga

Kjarasamningur er milli stéttarfélags og atvinnurekanda þar sem samið er um kaup og kjör sem nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssvæði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör og aðbúnað launafólks.

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögunum, en ekki heildarsamtökum stéttarfélaga nema samkvæmt umboði aðildarfélaga þeirra. Samkvæmt sömu lögum fara einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra með umboð til kjarasamninga.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti svipaðar reglur, en þar gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Þau gilda um þá starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögunum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Fjármála- og efnahagsráðherra fer að meginstefnu með samningsumboð fyrir ríkið og sveitarstjórnir fyrir einstaka sveitarfélaga.

Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum á almennum og opinberum vinnumarkaði, en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd. Verkföll verða ekki ákveðin án sjálfstæðrar atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags. Á almennum vinnumarkaði fara einstakir atvinnurekendur og samtök þeirra með verkbannsrétt, en ekki er mælt fyrir um verkbannsrétt opinberra atvinnurekenda í lögum nr. 94/1986.

Hlutverk ríkissáttasemjara

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara og fer hann eftir það með stjórn viðræðna.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu, en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.

